

Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar Ársskýrsla 2008



Samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar

Mái 2009



Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar	4
2.1 Umferðaröryggisráð.....	4
2.2 Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar.....	4
2.3 Aðgerðir og verkefni á árinu 2008.....	5
2.3.1 Fjárhagsáætlun.....	5
2.3.2 Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla.....	5
2.3.3 Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum.....	8
2.3.4 Eyðing svartblettu og umhverfi vega og vegrið.....	8
2.3.5 Áningarstaðir við þjóðvegi.....	8
2.3.6 Varúðarreglur við vegavinnu.....	8
2.3.7 Vetrarmerkingar við vegi (ökuhraði, breytileg hraðamörk.....	9
2.3.8 Ölvun/fíknefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla.....	9
2.3.9 Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla.....	10
2.3.10 Ýmis fræðslu- og áróðursverkefni.....	11
2.3.11 Forvarnir erlendra ríkisborgara.....	12
2.3.12 Takmörkun á lausagöngu búfjár.....	12
2.3.13 Viðhorfsrannsókn á aksturshegðun almennings.....	13
2.3.14 Sjálfvirkt umferðarútvarp.....	14
2.3.15 Endurskoðun umferðarlaga.....	14
2.3.16 Endurskoðun ökunáms.....	14
2.3.17 Alþjóðleg samvinna.....	14
3. Slysaskrá.....	15
3.1. Fjöldi látinna og slasaðra 2008	15
3.2 Samanburður við Norðurlönd	20
Viðauki I.....	21
Lögregluembættið á Akranesi.....	23
Lögregluembættið á Akureyri.....	27
Lögregluembættið á Blönduósi.....	31
Lögregluembættið í Borgarnesi	36
Lögregluembættið á Húsavík.....	41
Lögregluembættið á Hvolsvelli.....	44
Lögregluembættið á höfuðborgarsvæðinu	48
Lögregluembættið á Selfossi.....	51
Lögregluembættið á Seyðisfirði.....	56
Lögregluembættið á Snæfellsnesi	60

Lögregluembættið á Suðurnesjum	62
Samantekt.....	67
Viðauki II	71
Viðauki III.....	79
Lögregluembættið á Akranesi	80
Lögregluembættið á Akureyri.....	81
Lögregluembættið á Blönduósi.....	82
Lögregluembættið í Borgarnesi	83
Lögregluembættið á Eskifirði	84
Lögregluembættið á Húsavík.....	85
Lögregluembættið á höfuðborgarsvæðinu	86
Lögregluembættið á Sauðárkróki.....	87
Lögregluembættin Selfoss-Hvolsvöllur	88
Lögregluembættið á Seyðisfirði.....	89
Lögregluembættið á Suðurnesjum	90
Lögregluembættið á Vestfirðum	91
Lögregluembættið í Vestmannaeyjum	92
Samantekt.....	94
Viðauki IV	96
Lögregluembættið á Akranesi	97
Lögregluembættið á Akureyri.....	98
Lögregluembættið á Blönduósi.....	99
Lögregluembættið í Borgarnesi	100
Lögregluembættið á Eskifirði	101
Lögregluembættið á Húsavík.....	102
Lögregluembættið á Hvolsvelli.....	103
Lögregluembættið á höfuðborgarsvæðinu	104
Lögregluembættið á Sauðárkróki.....	105
Lögregluembættið á Selfossi.....	106
Lögregluembættið á Seyðisfirði.....	107
Lögregluembættið á Snæfellsnesi	108
Lögregluembættið á Suðurnesjum	109
Lögregluembættið á Vestfirðum	110
Lögregluembættið í Vestmannaeyjum	111
Samantekt.....	113

1. Inngangur

Á grundvelli laga um samgönguáætlun nr. 71/2002 var þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010 lögð fram af samgönguráðherra og samþykkt á Alþingi, en umferðaröryggisáætlun er hluti af fjögurra ára samgönguáætlun.

Markmið stjórnvalda um aukið umferðaröryggi til ársins 2016 eru að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum á sama tímabili. Einnig að fjöldi látinna og alvarlegra slasaðra í umferð lækki að jafnaði um ekki minna en 5% á ári til ársins 2016.

Í núgildandi umferðaröryggisáætlun samgönguáætlunar kemur fram sérstök framkvæmdaáætlun um sérstakar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar slysa og lækkunar kostnaðar samfélagsins af umferðarslysum. Til grundvallar á vali aðgerða var upphaflega stuðst við tillögur starfshóps um umferðaröryggisáætlun til ársins 2012 – markmið og aðgerðir. Við mat á forsendum um virkni aðgerða var í flestum tilfellum stuðst við erlendar rannsóknir og ber þá sérstaklega að nefna handbók Transportökonomisk Institut í Noregi um virkni umferðaröryggisáætlunar. Aðgerðir sem teknar voru til sérstakrar skoðunar skiptast í eftirtalda flokka:

- ökumaður og farartæki,
- fræðsla og áróður,
- öruggari vegir og umhverfi þeirra,
- samstarf og þróun.

2. Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar

2.1 Umferðaröryggisráð.

Sérstakt umferðaröryggisráð, sem ætlað er að vinna að framgangi umferðaröryggisáætlunar tók til starfa árið 2005. Í umferðaröryggisráði sitja Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, og formaður ráðsins, Karl Ragnars forstjóri Umferðarstofu, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri.

2.2 Samráðshópur umferðaröryggisáætlunar.

Samráðshópur um framkvæmd umferðaröryggisáætlunar var skipaður 2005. Hlutverk samráðshópsins er að gera starfs- og framkvæmdaáætlun á grundvelli umferðaröryggisáætlunar, samkvæmt ályktun Alþingis. Samráðshópurinn skipaðu árið 2008: Birna Hreiðarsdóttir lögfræðingur í samgönguráðuneytinu og formaður samráðshópsins, Birgir Hákonarson framkvæmdastjóri umferðaröryggissviðs Umferðarstofu, Auður Þóra Árnadóttir forstöðumaður umferðardeildar hjá Vegagerðinni og Jónína Sigurðardóttir aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra.

2.3 Aðgerðir og verkefni á árinu 2008.

2.3.1 Fjárhagsáætlun.

Tafla 1. Tekjur og gjöld. Áætlun um fjáröflun.

<i>Tekjur 2008, millj. kr.</i>		<i>Gjöld 2008, millj. kr.</i>	
Frá vegaáætlun	364	Ökumaður og farartæki	116
Umferðaröryggisgjald	70	Áróður og fræðsla	110
Sérstök fjárv. til umferðaröryggismála	50	Svartblettir, merkingar o.fl	248
		Samstarf og þróun	10
Til ráðstöfunar alls:	484	Samtals gjöld:	484

Tafla 2. Kostnaður við einstök verkefni:

	Heiti verkefnis	Rauntölur millj. kr	Áætlun millj. kr
1.1	Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla	123	135
1.2	Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum	3	3
1.3	Eyðing svartbletta og umhverfi vega	153	205
1.4	Áningastaðir við þjóðvegi	4	5
1.5	Ölvun/fíknefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla	33	41
1.6	Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla	26*	25
1.7	Ýmis fræðslu- og áróðursverkefni	36*	18
1.8	Forvarnir erlendra ökumanna	7	7
1.9	Takmörkun á lausagöngu búfjár	35	35
1.10	Annað	7	10
	Kostnaður alls	427	484

* Umframgjöldin skýrast af ónýttum fjárheimildum frá árinu 2007


2.3.2 Hraðakstur og bílbeltanotkun – eftirlit, áróður og fræðsla.

Á grundvelli samnings á milli Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra voru keypt sex ratsjártæki með myndavélum (Eyewitness-búnaði) í lögreglubíla á árinu 2008, sem notuð verða í eftirliti lögreglunnar gegn hraðakstri. Að auki voru keypt fjögur lögreglubifhjól með ratsjártækjum með myndavélum. Jafnframt var greitt fyrir sérstakt eftirlit lögregluembætta og aksturs lögreglubifreiða auk þess sem á grundvelli samningsins eru greidd tvö stöðugildi við sýslumannsembættið í Stykkishólmi við úrvinnslu gagna og meðferð sekta úr sjálfvirkum hraðaeftirlitsbúnaði, sbr. hér að neðan. Samtals var rúmlega 75 milljónum króna varið í sérstakar aðgerðir lögreglunnar gegn hraðakstri á árinu 2008.

Aðgerðir sem ætlað er að skili mestum árangri eru aukið eftirlit lögreglu um allt að helming, einkum á þekktum slysaköflum. Sérstakt umferðareftirlit fór fram á tímabilinu frá 15. maí til 30. september 2008. Megin áherslan var lögð á sýnilegt eftirlit á þjóðvegum landsins. Alls voru 4.836 ökumenn stöðvaðir. Voru kærur alls 3.195 og þar af kærur vegna hraðaksturs 2.805. Fækkun var á fjölda hraðabrota um 13% miðað við eftirlitið 2007. Einnig þurfti að hafa afskipti af færri ökumönnum í heild árið 2008 eða 8% færri en árið á undan. Sjá nánar í viðauka I.

Settar hafa verið upp sjö stafrænar hraðamyndavélar á árinu 2008 til viðbótar við þær tvær myndavélar sem settar voru upp í Hvalfjarðarsveit árið 2007, tvær myndavélar eru staðsettar í Fáskrúðsfjarðargöngum, ein myndavél í Hvalfjarðargöngum og fjórar myndavélar voru settar upp á Garðskagavegi og Sandgerðisvegi. Boðin voru út kaup á 6 nýjum stafrænum hraðamyndavélum um mánaðamótin september/október. Vegna erfiðs efnahagsástands, gengisfalls íslensku krónunnar og niðurskurðar í ríkisfjármálum, óskaði fjármálaráðuneytið eftir því að ríkisstofnanir drægju úr framkvæmdum og innkaupum á árinu 2009. Í ljósi þess var ákveðið að hætta við útboðið og hafna öllum tilboðum.

Samals voru 16.125 brot skráð með stafrænum hraðamyndavélum skv. málaskrá lögreglunnar árið 2008. Sjá má á mynd 1 hvernig brotin hafa dreifst milli mánaða. Sjá nánar í viðauka II.



Mynd 1. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu frá 01.01.2008 til 31.12.2008 greint eftir mánuðum.


Samhliða auknu eftirliti lögreglu með hraðakstri kynnti Umferðarstofa nýja áróðursherferð sem bar heitið „Fyrirgefðu ég sá þig ekki“, sem er ætlað að vekja athygli á aukinni þátttöku bifhjóla í umferðinni og hvað beri að varast. Herferðinni er ætlað að vekja ökumenn bifreiða til vitundar um mikilvægi þess að þeir hafi fulla athygli við aksturinn og gái að minnsta kosti tvisvar á gatnamótum hvort nokkur hætta sé á því að þeir aki í veg fyrir bifhjól. Það er mun erfiðara að greina fjarlægð og hraða bifhjóla en stærri ökutækja og ein algeng orsök alvarlegra umferðarslysa er að bílstjórar aka í veg fyrir bifhjól. Auglýsingastofan Hvíta húsið vann hugmynd auglýsingarinnar en framleiðslufyrirtækið Republik sá um framleiðslu.

Umferðarstofa endursýndi auglýsingaherferðina „Hraðinn drepur - í alvörunni“, frá árinu 2007, sem er að stærstum hluta teiknuð hreyfimynd auk þess sem umhverfisskilti voru víðs vegar við þjóðvegi sem minna á notkun bílbelta.

Umferðarstofa ásamt Ferðamálastofu endursýndu sérstaka auglýsingaherferð þar sem allir voru hvattir til að ferðast um landið en jafnframt minntir á að landið væri fallelgra á löglegum hraða.

Til að meta áhrif aðgerða er m.a. skoðuð þróun hraða út frá upplýsingum úr umferðargreinum Vegagerðarinnar, en ökuhraði á tíu stöðum á Hringveginum, á tímabilinu júní til september, hefur lækkað töluvert frá fyrri árum. Vegagerðin hefur mælt hraðann á viðkomandi stöðum á sambærilegan hátt frá árinu 2004. Meðalhraðinn á þessum tíu stöðum fer úr 97,0 km á klst árið 2004 í 93,2 km á klst. sumarið 2008. Hér er um að ræða hraða allra bíla en óhád annarri umferð, þ.e.a.s. hægar raðir eða stöðvun vegna umferðarslyss mælist ekki með. Ef tekið er mið af þeim hraða sem 85 prósent ökumanna halda sig innan við, þ.e.a.s. 15 prósent aka hraðar, þá fer hraðinn úr 108,6 km á klst árið 2004 í 102,9 km á klst árið 2008. Í báðum tilvikum er um umtalsverða lækkun á ökuhraðanum að ræða sbr. myndina hér fyrir neðan. Hafa ber þó í huga að þetta eru meðaltöl en eigi að síður góð vísbending um minnkandi ökuhraða. Að sama skapi hefur hlutfall ökumanna sem aka hraðar en 30 km/klst yfir leyfilegum hámarkshraða minnkað.

Líklegasta skýringin á þessari lækkun hraða er sérlega öflugt eftirlit lögreglu síðastliðin tvö sumur og tilkoma sjálfvirkra hraðamyndavéla en hvorutveggja er liður í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Hluta skýringarinnar má væntanlega einnig rekja til hærri sekta vegna hraðaksturs og áhrifa lægri vikmarka vegna hraðakstursbrota á hegðun ökumanna.



Mynd 2. Meðaltal ökuhraða að sumarlagi á 10 stöðum á Hringvegi. Gögnin sýna að frjáls meðalhraði lækkar um 1 km/klst á ári en V85 hraðinn lækkar um 1,5 km/klst á ári. Lækkunin er línuleg, að sumrinu 2006 undanskildu.

Varðandi notkun öryggisbelta þá er erfitt að meta hvort árangur hafi orðið á öllu landinu yfir árið í heild sinni þar sem skráningu lögreglunnar á öryggisbeltanotkun í umferðarslysum er mjög ábótavant. Af þeim 11 sem létust í bifreið voru 7 með beltin spennt en 4 voru án öryggisbelta. Til samanburðar má nefna að í nýjustu viðhorfskönnun um aksturshegðun ökumanna, sem Capacent gerði fyrir Umferðarstofu, kemur fram að yfir 94% aðspurðra sögðust aldrei hafa ekið án öryggisbelta utanbæjar síðustu 6 mánuði, sjá nánar í kafla 2.3.13. Því má draga þá ályktun að þau tæpu 6% sem aka án öryggisbelta utanbæjar eru í mikið mun meiri hættu en þeir sem spenna öryggisbeltin. Af þeim 131 sem slösuðust alvarlega eða létust í bifreiðum árið 2008 eru 27 skráðir án belta. Þar af eru sex aðilar án belta þar sem loftpúði blés út en án beltanna virkar loftpúðinn alls ekki. Tveir voru skráðir í barnabílstól og 87 í beltum, þar af voru 33 þar sem loftpúði blés út. Eftir standa 15 aðilar þar sem lögreglan hefur skráð „ekki vitað um öryggistæki“.

2.3.3 Leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum.

Tilgangurinn með leiðbeinandi hraðamerkingum á þjóðvegum er að upplýsa vegfarendur um öruggan ökuhraða við aðstæður sem miðast við auða og blauta vegi en gert er ráð fyrir að skiltin gagnist mest óreyndum öikumönnum.

Á árinu var lokið við að setja upp merki um leiðbeinandi hraða skv. upphaflegri áætlun frá árinu 2005. Verkefninu er að mestu lokið og mun eingöngu verða um viðhald á skiltum að ræða hér eftir.

Talið er að leiðbeinandi hraðamerkingar nýtist erlendum ferðamönnum sérstaklega vel þar sem þeir þekkja ekki eins vel til íslenskra akstursaðstæðna og íslenskir ríkisborgarar.

2.3.4 Eyðing svartbletta og umhverfi vega og vegrið.

Á árinu var unnið að lagfæringum á um 60 stöðum skv. samþykktum verkefnalistum. Vegrið voru sett upp eða lengd á 17 stöðum. Unnið var að lagfæringum á vegamótum á 15 stöðum. Þar var um að ræða gerð svonefndra framhjálaupa en með tilkomu þeirra dregur verulega úr hættu á aftanákeyrslum við vegamót. Á sjö stöðum voru ræsi lengd og vegfláar lagfærðir, þ.e. dregið úr bratta þeirra. Merkingar voru bættar á sjö stöðum. Á löngum köflum meðfram Hringvegi var unnið að grjóthreinsun. Á þremur stöðum voru sett upp hraðaviðvörðunarskilti við þéttbýli. Lýsing var bætt á tveimur stöðum og aðvörunarljós sett upp við eina einbreiða brú. Þrenn búfjárgöng voru byggð. Vegrið voru fræstar í miðlnu Hringvegjar á milli Hveragerðis og Selfoss. Ekki náðist að klára öll verkefni og munu nokkur þeirra frestast til næsta árs.

Rúmlega helmingur þeirra sem létust eða slösuðust alvarlega í umferðarslysum á þjóðvegum í dreifbýli á tímabilinu 2003-2007, eða 232 af 445, lentu í slysum sem urðu við útafakstur. Því er ljóst að miklu skiptir að umhverfi vega sé þannig að afleiðingar útafaksturs verði sem minnstar. Gera má ráð fyrir að þeim sem slasast alvarlega eða látast í umferðarslysum á þjóðvegum í dreifbýli fækki umtalsvert ef umhverfi vega verður bætt verulega.

Í september var farið í vettvangsferð um Vestfirði og umhverfi vega tekið út. Í þeirri ferð var niðurstaða úttektarinnar skráð jafnóðum inn í vettvangsskráningarkerfi Vegagerðarinnar. Það gekk mjög vel en í ljós kom að gera þarf minniháttar lagfæringar á skráningarkerfinu svo að það henti enn betur til slíkra úttekta. Áfram verður því unnið að þróun kerfisins.

2.3.5 Áningarstaðir við þjóðvegi.

Á árinu 2008 var unnið að gerð tveggja keðjunar- og hvíldarplana beggja vegna Holtavörðuheidiar. Eftir er að leggja bundið slitlag á plönin. Einnig var unnið að lagfæringum á keðjunarstöðum á Öxnadalshéiði.

2.3.6 Varúðarreglur við vegavinnu.

Vinna við þetta verkefni er í fullum gangi innan Vegagerðarinnar og víðar. Mikil vinna hefur verið lögð í að semja verklagsreglur um vinnustaðamerkingar. Námskeið fyrir þá sem koma að vinnustaðamerkingum þar sem breyttar kröfur verða kynntar voru undirbúin en námskeiðin

verða haldin árið 2009. Ný reglugerð um vinnustaðamerkingar hefur nú (vorið 2009) verið lögð fram til umsagnar.

2.3.7 Vetrarmerkingar við vegi (ökuhraði, breytileg hraðamörk.

Ekkert hefur verið unnið að þessu verkefni á tímabilinu. Hugsanlegt er að breyta þurfi umferðarlögum í þessu sambandi.

2.3.8 Ölvun/fíkniefni við akstur – eftirlit, áróður og fræðsla.

Á undanförunum árum má rekja að meðaltali um 20% banaslysa til þess að ökumaður er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Einnig má rekja um 5% allra umferðarslysa til ölvunar- eða fíkniefnaaksturs.

Á grundvelli samnings á milli Umferðarstofu og ríkislögreglustjóra voru keyptir fimm öndunarsýnamælar á tveggja ára tímabili, en slík tæki auka mjög nákvæmni við mat á áfengismagni í blóði ökumanna. Jafnframt er í samningnum gert ráð fyrir sérstöku eftirliti með ölvunar- og fíkniefnaakstri.

Lögreglan í landinu var í sérstöku eftirliti með ölvunarakstri og akstri undir áhrifum fíkniefna frá 16. mars til 30. apríl 2008. Eftirlitið var skipulagt með þeim hætti að sem flest ökutæki væru stöðvuð og kannað með ástand ökumanna. Á tímabilinu voru 8.738 ökumenn stöðvaðir og af þeim voru 4.075 settir í öndunar- eða fíkniefnapróf. Sextíu og fimm ökumenn voru kærðir fyrir ölvunarakstur og tuttugu og einn fyrir að vera undir áhrifum fíkniefna við akstur. Að auki voru 717 ökumenn kærðir fyrir önnur brot í eftirlitinu. Nánari greiningu á ölvunareftirliti lögreglunnar má sjá í viðauka III.

Lögreglan í landinu var einnig í sérstöku eftirliti með ölvunarakstri og akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna í desember 2008. Eftirlitið var skipulagt með þeim hætti að sem flest ökutæki væru stöðvuð og kannað með ástand ökumanna. 11.337 ökumenn voru stöðvaðir í tengslum við eftirlitið en tekið var öndunarpróf eða –sýni hjá 52% þeirra (5.914 ökumönnum). Þá voru 42 teknir í fíkniefnapróf og tekið blóðsýni hjá 56 ökumönnum. Fjörtíu og sex ökumenn voru kærðir fyrir ölvunarakstur og átján fyrir að vera undir áhrifum fíkniefna við akstur. Nánari greining á ölvunareftirliti lögreglunnar er að finna í viðauka IV.

Auglýsingaherferðin „Bara einn er einum of mikið í umferðinni“, sem framleidd var á árinu 2007, var endursýnd í sjónvarpi, dagblöðum og útvarpi á tímabilinu. Auglýsingin var framleidd og sýnd í samstarfi við Vínbúðina. Herferðin á að vekja fólk til umhugsunar um það að það er jafnalvarlegt að aka ölvaður undir stýri og að kennari sé undir áhrifum áfengis í kennslustofu, að tannlæknir sé að meðhöndla sjúklinga og að neyta áfengis um leið.

Á árinu 2008 mátti rekja tvö banaslys í umferðinni til ölvunaraksturs og 25 slösuðust alvarlega. Árið 2007 voru banaslysin þrjú og árið 2006 voru þau níu talsins. Þess má geta að árið 2006 létust 31, 15 árið 2007 og 12 árið 2008.

Tafla 3. Fjöldi kærðra í ölvunarakstursbrotum.

Ár:	Fjöldi:
2004	1.772
2005	1.946
2006	2.131

2007	2.092
2008	1.984*

*Tölur fyrir árið 2008 eru bráðabirgðatölur

(Heimild: Ríkislögreglustjórinn)

Árið 2006 var brotaflokknum „akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ bætt við málaskrárkerfi lögreglunnar (lög 66/2006). Lögin öðluðust gildi 14. júní 2006 og í framhaldinu tók lögreglan að prófa hjá öikumönnum hvort ekið væri undir áhrifum ávana- og/eða fíkniefna. Prófið felur í sér að munnvatn eða sviti er tekið af öikumanni til að sjá hvort hann er undir áhrifum. Ef prófið bendir til þess að grunur sé á rökum reistur er blóð tekið til rannsóknar.

Tafla 4. Fjöldi brota er varða akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

Ár:	Fjöldi:
2006	95
2007	696
2008	1.076*

*Tölur fyrir árið 2008 eru bráðabirgðatölur

(Heimild: Ríkislögreglustjórinn)

2.3.9 Umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla.

Skólaárið 2007-2008 er þriðja starfsár Grundaskóla sem móðurskóli í umferðarfræðslu. Á þessu árum hafa orðið gríðarlega miklar breytingar á stöðu umferðarfræðslunnar. Í upphafi var lítil sem engin umferðarfræðsla í grunnskólum. Lítið efni var til og fræðslan mjög óskipulögð. Í dag er umferðarfræðsla komin inn í fjölmarga grunnskóla og mikið af nýju námsefni er komið inn á umferðarvefinn, www.umferd.is. Starf Grundaskóla sem móðurskóla hefur því breyst mikið á þessum tíma. Í fyrstu snerist öll vinnan „innávið“ en í dag er vinnan öll „útávið“ þ.e.a.s. sinna fræðslu, stuðningi og þjónustu við aðra skóla. Verkefni Grundaskóla hefur verið skipt upp í nokkra verkþætti. Verkþættirnir voru eftirtaldir:

- Höfuðáhersla á útrás og ná til sem allra flestra skóla. Halda áfram fyrri uppbyggingu en hefja öflugt kynningarstarf á svæðinu frá Kópavogi til Reykjaness.
- Endurskoðun á fræðslu, á námsefni og námsvef (www.umferd.is)
- Þátttaka í nefndum/ráðum tengt umferðarfræðslu og umferðaröryggismálum
- Samskipti við leiðtogaskóla

Auk Grundaskóla voru fimm skólar starfandi við verkefnið. Í Grunnskóla Seltjarnarness tók til starfa fimm manna umferðarnefnd um áramót. Byrjað var á því að koma umferðarfræðslu inn í skólanámskrána og stefnt að því að ljúka því verki í vor. Á vorönninni var lagt upp með verkefni sem leggja áherslu á hjólreiðar, hjálmanotkun og öryggi þeirra sem hjóla í umferðinni. Stefnt er að frekari kynningu í öðrum skólum á skólaárinu 2008-2009. Flóaskóli á Suðurlandi hefur unnið ótulllega að innri uppbyggingu umferðarfræðslu og hefur kynnt verkefni sín fyrir nokkrum skólum á sínu svæði. Grunnskóli Reyðafjarðar á Austurlandi hefur unnið vel að innri uppbyggingu umferðarfræðslu en mætti gera betur í því að kynna það í öðrum skólum á sínu svæði. Brekkuskóli á Norðurlandi gerði fátt þennan vetur vegna forfalla þess aðila sem átti að sinna verkefninu. Tekin var sú ákvörðun að endurnýja ekki samninginn við Brekkuskóla fyrir

árið 2008-2009 og stendur yfir leit að skóla á Norðurlandi til að taka að sér að vera leiðtogaskóli í umferðarfræðslu á Norðurlandi.

Samningar við leiðtogaskólana voru endurnýjaðir til eins árs fyrir utan Brekkuskóla, Samningur við Grundaskóla var einnig endurnýjaður til eins árs en auk núverandi starfa er gert ráð fyrir því að innan skólans verði unnið að gerð handbókar um umferðarfræðslu sem mun nýtast öllu skólastarfi í framtíðinni.

Samgönguráðuneytið skipaði á árinu sérstakan starfshóp um umferðarfræðslu í skólum til að fara nánar yfir alla þætti umferðarfræðslu í leikskólum og grunnskólum og koma með tillögur til stefnumótunar í málaflokknum til framtíðar. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu til samgönguráðherra haustið 2008. Einn liður við gagnasöfnun starfshópsins var gerð samnings við Valdimar Briem, sálfræðing, um úttekt á umferðarfræðslu í skólum og gerð tillagna um tilhögun slíkrar fræðslu. Verkefnið felst nánar í því að gera fræðilega könnun á umfangi og inntaki umferðarfræðslu í skólum hér á landi. Á grundvelli þeirra upplýsinga að koma fram með tillögur um tilhögun slíkrar fræðslu á öllum skólastigum að 16 ára aldri á grundvelli fyrirbyggjandi þarfagreiningar og skoðunar á slíkri framkvæmd í öðrum löndum. Jafnframt að fram komi tillögur að námsefni vegna umferðarfræðslu á mismunandi skólastigum. Valdimar skilaði skýrslu sinni í lok ársins 2008.

Slysum á börnum fækkaði umtalsvert á árunum 2004-2006 eins og tafla 5 ber með sér, en á árinu 2007 virðist þróunin snúa til verri vegar. Þróunin snýst að einhverju leyti við á árinu 2008 þó fjölgun verði á alvarlega slösuðum börnum.

Tafla 5. Slysum á börnum 2004-2008

	Látin	Alvarlega slösuð	Lítið slösuð	Alls látin og slösuð
2004	3	9	107	119
2005	0	8	97	105
2006	1	13	92	106
2007	1	11	134	146
2008	0	22	104	126
Meðaltal	1,0	12,6	106,8	120,4

2.3.10 Ýmis fræðslu- og áróðursverkefni.

Umferðarstofa hefur staðið að útgáfu 10 bæklinga um ýmis atriði er tengjast umferð og umferðaröryggi. Má þar nefna svefn og þreytu, ölvunarakstur, öryggi barna í bílum, umferðaröryggi leikskólabarna o.fl. Gert er ráð fyrir því að fleiri bæklingar komi út á næstu misserum. Ýmsum dreifileiðum er beitt, t.a.m. fá allir foreldrar barna sem eru að hefja skólagöngu bæklinginn „Á leið í skólann“ á haustin og allir unglíngar sem eru að komast á bílprófsaldurinn fá bæklinginn „Ökunám-Ökuþróf-Ökuskírteini“ rétt áður en þau ná tilskildum aldri til að mega hefja ökunám. Bæklingnum „Eldri ökumenn“ var dreift með blaði sem gefið er út af félagi eldri borgara og svona mætti áfram telja. Allir skráðir eigendur bifhjóla á Íslandi fengu bæklinginn „Bifhjól“ sendan heim til sín í pósti.

Samið var við ProFilm um framleiðslu 10 stuttra fræðslumyndbanda um ýmis atriði er tengjast umferðinni, sem framhald af framleiðslu 24 myndbanda á árinu 2007. Búið er að semja við allar sjónvarpsstöðvar landsins um birtingu þessara fræðslumynda án endurgjalds. Að auki var DVD diskum með myndefninu dreift í alla ökuskóla en efnið nýttist mjög vel í ökunámi.

Umferðarstofa setti af stað sérstaka auglýsingaherferð sem tengist svefni og þreytu sem bar heitið „15“ sem vísar til þess að það getur skipti sköpum að hvíla sig í 15 mínútur þegar svefn

eða þreyta sækir að öikumönnum í akstri. Umferðarstofa stóð að sérstöku málþingi um þetta viðfangsefni og opnaði af því tilefni sérstaka heimasíðu, www.15.is, með ýmsum fróðleik er tengist svefni og þreytu við akstur. Talið er að svefn og þreyta sé fjórða algengasta orsök alvarlegra umferðarslysa og banaslysa.

2.3.11 Forvarnir erlendra ríkisborgara.

Umferðaróhöpp þar sem erlendir öikumenn eru orsakavaldar eru 5% allra umferðarslysa á landinu. Umferðarstofa lét framleiða myndband fyrir erlenda ferðamenn árið 2005 á fjórum tungumálum, ensku, frönsku, spænsku og þýsku, og er það að finna á sérstakri heimasíðu, www.drive.is. Í myndbandinu er farið yfir helstu hættur sem að erlendum ferðamönnum steðja á ferðum um þjóðvegi landsins. Efni myndbandsins var áfram notað á árinu 2008, t.d. í fjölda greina í tímarit og bækur sem ætluð eru erlendum ferðamönnum til að benda á hættur á þjóðvegum landsins.

Í umferðaröryggisáætlun er gert ráð fyrir því að efla fræðslu fyrir erlenda ríkisborgara sem dveljast hér á landi um umferðaröryggismál. Umferðarstofa hefur látið útbúa sérstaka opnauglýsingu sem hefur birst í blaði Alþjóðahúss og Grapevine um þær reglur sem gilda hér á landi, sérstaklega er varðar ölvunarakstur og hraðakstur. Auglýsingin var á 3 tungumálum auk íslensku, þ.e. ensku, pólsku og rússnesku. Jafnframt hefur verið gefinn út sérstakur bæklingur um sama málefni fyrir þennan hóp borgara, sem hefur verið dreift í samvinnu við Alþjóðahús.

Umferðarstofa, Vegagerðin, ásamt Forvarnahúsi og bílaleigum, kynntu fyrir erlendum ferðamönnum séríslensk umferðarmerki, s.s. merki um einbreiðar brýr, blindhæðir og merki um að malbik endi. Kynningarefni á þremur tungumálum var komið fyrir á stýri bílaleigubíla.

Mikil fækkun varð á slysum á erlendum ríkisborgurum á árinu 2005 þegar aðgerðirnar hófust eða úr 112 árið 2004 í 65 árið 2005. Strax árið 2006 hefur árangurinn öllu leyti gengið tilbaka og gott betur og 2007 sker sig úr hvað varðar fjölda slasaðra, en taka verður tillit til þess að erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað gríðarlega hér á landi á undanförunum árum.

Tafla 6. Slyss á erlendum ríkisborgurum

	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Alls slasaðir og látnir
2004	4	13	95	112
2005	2	6	57	65
2006	5	9	119	133
2007	3	33	170	206
2008	2	19	155	176
Meðaltal	3,2	16	119,2	138,4

2.3.12 Takmörkun á lausagöngu búfjár.

Á árinu 2008 girti Vegagerðin með fram vegum á 16 vegarköflum í þeim tilgangi að fækka slysum af völdum búfjár. Ljóst er að Vegagerðin, sveitarfélög og eigendur búfjár verða að vinna saman að þessu markmiði um fækkun slysa svo að árangur verði sem mestur. Talsverð fjölgun varð á slysum á fólki vegna áreksturs við dýr á vegi árið 2008, sbr. töflu 7 hér að neðan, Langflestir eru þó lítið slasaðir.

Tafla 7. Slyss vegna áreksturs við dýr á vegi

	Látnir	Alvarlega slasaðir	Lítið slasaðir	Alls Slasaðir og látnir
2004	0	1	7	8

2005	0	0	15	15
2006	2	1	17	20
2007	0	1	11	12
2008	0	6	25	31
Meðaltal	0,4	1,8	15,0	17,2

2.3.13 Viðhorfsrannsókn á aksturshegðun almennings.

Á tímabilinu 27. október til 12. nóvember 2008 framkvæmdi Capacent viðhorfsrannsókn á aksturshegðun almennings fyrir Umferðarstofu, Vegagerðina og embætti ríkislögreglustjóra. Sambærileg könnun hefur verið framkvæmd á undanförunum þremur árum auk þess sem Umferðarráð gerði sérstaka könnun árið 2001. Úrtakið í könnuninni var 2000 manns á aldrinum 17-75 ára og var helmingur spurður í síma og hinn helmingur svaraði spurningunum á netinu. Svarhlutfall í síma var rétt líðlega 50% en rúmlega 70% á netinu. Heildarsvarhlutfall var því um 65%. Niðurstöður sem eru kynntar hér að neðan endurspeglar heildarsvar óháð því hvort svarað var í síma eða á netinu.

97% svarenda höfðu bílpróf og um 17% voru með svokallað meirapróf, sem eru svipaðar niðurstöður og í könnunum undanfarinna ára. Það er töluverður munur á því hversu miklum tíma fólk eyðir í umferðinni á árinu 2008 en árin þar á undan. 61% aðspurðra ver skemmri tíma en einni klst í umferðinni á dag í staðinn fyrir um 40% á tímabilinu 2005-2007. Staðfestir það sem nefnt hefur verið að umferð hefur minnkað, sérstaklega síðari hluta ársins 2008.

Syfja er vaxandi vandamál í umferðinni og kom í ljós í könnuninni að rúm 38% ökumanna hafa oft, stundum eða sjaldan orðið syfjaðir á meðan á akstri stóð. Jafnframt hafa tæp 10% ökumanna dottað undir stýri á síðastliðnum 6 mánuðum. Er það helmingi verri niðurstaða en árið 2007 þegar um 5% ökumanna töldu sig hafa dottað undir stýri.

Notkun GSM síma við akstur án handfrjáls búnaðar hefur vaxið á undanförunum árum sé tekið mið af niðurstöðu könnunarinnar. Á meðan 36% ökumanna svöruðu því til í könnuninni 2001 að þeir tali aldrei í síma við akstur án handfrjáls búnaðar þá hefur það hlutfall fallið niður í 30% á árunum 2005-2007, en dettur niður í 19% á síðasta ári.

Þegar spurt var um ökuhraða við mismunandi leyfðan hámarkshraða þá kemur í ljós að um 65% aðspurðra aka á löglegum hraða þar sem hámarkshraði er 30 km/klst og 63% þar sem hámarkshraði er 60 km/klst en 67% þegar ekið er á vegum þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Er þetta töluvert hærra hlutfall en verið hefur á undanförunum árum, sérstaklega á svæðum þar sem 90 km/klst er hámarkshraði. Upplýsingar úr umferðargreinum Vegagerðarinnar hafa staðfest svo um munar að hraði úti á þjóðvegum landsins er að minnka umtalsvert, sbr. mynd 2. Karlar aka almennt hraðar en konur auk þess sem yngri fólk virðist temja sér meiri hraða en þeir sem eldri eru.

Um notkun öryggisbelta kom í ljós að 75% notuðu alltaf öryggisbelti sem ökumenn innanbæjar og 94% utanbæjar, tæp 82% notuðu alltaf öryggisbelti sem farþegar í framsæti og 64% sem farþegar í aftursæti. Þetta eru svipaðar niðurstöður og undanfarin ár hvað varðar ökumenn en aðeins lakari hvað varðar farþegar í fram- og aftursætum. Karlmennt eru líklegri til að aka án öryggisbelta og yngri farþegar eru líklegri til að spenna ekki beltin.

Þegar litið er til aksturs og áfengisneyslu þá kemur í ljós að 27% aðspurðra höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir neyslu eins áfengs drykkjar á sl. 6 mán., og 25% þeirra höfðu ekið einu sinni eða oftar eftir að hafa drukkið meira en einn drykk. Þessi niðurstaða er töluvert lakari en árið 2007.

2.3.14 Sjálfvirkt umferðarútvarp.

Í síðustu ársskýrslu samráðshóps fyrir árið 2007 kom fram að til að koma upp svokölluðu "Traffic Radio" þurfa að vera ákveðnar tæknilegar aðstæður fyrir hendi. Sendar þurfa að hafa svokallað TA flag til að unnt sé að rjúfa dagskrá til að koma skilaboðum á framfæri. Í ljós hefur komið að enginn sendir hér á landi býr yfir þeirri tækni að rjúfa útvarpssendingar með þessum hætti. Þarf að bæta við landsþekjandi FM kerfi til að þetta sé unnt. RÚV áætla að það kosti um 160 Mkr að koma þessu kerfi upp um allt land og jafnframt að rekstrarkostnaður þess sé um 20-30 Mkr á ári. Þessi rekstrarkostnaður er til viðbótar við núverandi kerfi og felst aðallega í rafmagni, leigulínum, hýsingu og viðhaldi. Ekki er gert ráð fyrir slíkum fjárútlátum í umferðaröryggisáætlun og því þarf að meta hvort þetta verkefni falli innan umferðaröryggisáætlunar eða verði tekið upp á öðrum vettvangi. Skyld verkefni (RDS-kerfi) er á verkefnalistum þjónustudeildar Vegagerðarinnar. Það er mat Vegagerðarinnar að teljast verði ólíklegt að af þessu verkefni verði unnið á næstunni í ljósi efnahagsástandsins.

2.3.15 Endurskoðun umferðarlaga

Verkefni á vegum samgönguráðuneytisins. Sérstök nefnd hefur verið að störfum frá því í upphafi árs undir formennsku Róberts Spano lagaprófessors við HÍ. Gert er ráð fyrir því að vinnu nefndarinnar ljúki vorið 2009.

2.3.16 Endurskoðun ökunáms

Unnið var að heildarendurskoðun ökunáms á árinu 2008, en skipaður var sérstakur vinnuhópur á vegum samgönguráðuneytisins til að móta tillögur til eflingar ökunáms. Formaður starfshópsins var Arnaldur Árnason. Starfshópurinn hefur lokið störfum og skilað af sér skýrslu til samgönguráðuneytisins.

2.3.17 Alþjóðleg samvinna

Umferðarstofa, Vegagerðin og embætti ríkislögreglustjóra er hver um sig í miklu samstarfi við sínar systurstofnanir og þá sérstaklega á Norðurlöndum.

Umferðarstofa tekur þátt í CARE samstarfi. CARE gagnagrunnurinn er samevrópskur gagnagrunnur yfir umferðarslys á vegum í Evrópu. Grunnurinn er gagnagrunnur en ekki tölfræðigrunnur, þ.e. í grunninn fara slysaögnin sjálf en ekki aðeins talningar á slysum. Á árinu 2008 hefur Umferðarstofa unnið að gagnasamskiptum við CARE gagnagrunninn. Í apríl var sótt ráðstefna í Róm á vegum SafetyNet verkefnisins þar sem kynnt var núverandi staða og framtíð CARE og RSPI (Road safety performance indicators) verkefnanna. Í maí var svo sóttur fundur til Brussel þar sem farið var yfir stöðuna í hópi evrópskra sérfræðinga í þessum málum. Ákveðið hefur verið að til að byrja með verði aðaláherslan lögð á að Umferðarstofa innleiði CARE en RSPI látið bíða frekar. Umferðarstofa hefur nú þegar fengið aðgang að CARE grunninum en verið er að vinna í því að Umferðarstofa skili íslensku gögnunum inn í grunninn, en oft þarf flókin vörpunaralgrím eða -reglur til þess að koma grunninum úr formi gagnagrunns Íslands yfir í hið staðlaða form Evrópusambandsins. Nú hefur verið lokið við íslensku vörpunarreglurnar en af óviðráðanlegum ástæðum hefur ekki verið hægt að fara í að senda fyrstu gögnin og sannreyna að þau séu á réttu formi og að þau skili réttum niðurstöðum eftir vörpunarreglurnar.

SafetyNet er tímabundið verkefni sem komið var á til að þróa gagnagrunninn og gagnaflutning honum tengdum. Þessu verkefni lýkur nú um áramótin og má því ætla að þróun á grunninum verði takmörkuð á næstunni. Honum verður þó að sjálfsögðu viðhaldið og hann rekinn áfram. Á næsta ári verður væntanlega komið á öðru verkefni innan þessa sérfræðingahóps en ekki hefur verið ákvörðun tekin um það ennþá.

Vegagerðin og Umferðarstofa taka virkan þátt í þeirri undirnefnd NVF sem fjallar um umferðaröryggi en NVF er norrænn samstarfsvettvangur á sviði vegamála. Vegagerðin tekur einnig virkan þátt í starfi vinnuhóps um umferðaröryggi sem starfar á vegum CEDR, en CEDR stendur fyrir Samtök vegamálastjóra í Evrópu.

3. Slysaskrá

3.1. Fjöldi látinna og slasaðra 2008


Slysaskráning Umferðarstofu byggist á lögregluskýrslum, sem fengnar eru hjá lögregluembættum, sýslumönnum eða fulltrúum þeirra. Frá því í byrjun árs 1992 hefur Umferðarstofa (og áður Umferðaráð), skráð öll umferðarslys og umferðaróhöpp sem lögreglan gerir skýrslu um og gerast hér á landi. Þegar meiðsl verða á fólki í umferðarslysum er ávallt skylt að kalla til lögreglu. Vegfarandi telst ekki slasaður nema hann hafi með sannanlegum hætti verið fluttur á sjúkrahús, heilsugæslustöð eða undir læknishendur með sjúkrabifreið, lögreglubifreið, þyrlu eða hann komi til lögreglu og gefi skýrslu um að hann hafi leitað lækniástoðar vegna meiðsla og hlotið lækni meðferð samkvæmt því.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á umferðarslysum sýna að hin opinbera skráning nær ekki til allra þeirra sem slasast hafa í umferðinni. Mismunandi er eftir vegfarendahópum hve margir slasaðir eru skráðir, en sérstaklega má gera ráð fyrir að slys á hjólreiðamönnum séu vanskráð. Umferðarslys eru stundum tilkynnt til lækna eða sjúkrastofnana, en ekki lögreglu. Skiptir þá miklu hver alvarleiki meiðslanna er og má gera ráð fyrir að þeir sem slasast lítið tilkynni það síður til lögreglu. Það kemur fyrir að öikumenn vilja af ýmsum ástæðum ekki tilkynna slys til lögreglu. Ástæður þess má rekja til aksturs á stolinni bifreið, akstur undir áhrifum áfengis, aksturs án ökuréttinda en einnig vanmats á eðli meiðsla. Þá má gera ráð fyrir að slys þar sem meiðsl eru lítil séu vanskráð í hinni opinberu skráningu. Staðreyndin er að sjúkrastofnanir og tryggingafélög skrá mun fleiri minni háttar meiðsl af völdum umferðarslysa en fram kemur í skráningu Umferðarstofu.

Banaslys í umferð er skilgreint þannig að látist maður af völdum áverka sem hann hlýtur í umferðarslysi innan 30 daga frá því að slysið á sér stað þá telst hann hafa látist vegna umferðarslyss.

Yfirlýst markmið stjórnvalda á sviði umferðaröryggis er að fjöldi látinna í umferð á hverja 100.000 íbúa verði ekki meiri en það sem lægst gerist hjá öðrum þjóðum og að látnum og alvarlega slösuðum í umferð fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2016 eins og áður sagði. Ljóst er að árangur er að nást á Íslandi í umferðaröryggismálum. Látnum og alvarlega slösuðum hefur fækkað umtalsvert undanfarin ár í samanburði við meðaltal undanfarins áratugar þrátt fyrir aukna umferð. Fimm til sex látnir á ári á hverja 100.000 íbúa er það sem best gerist í heiminum í dag og færumst við Íslendingar nær því takmarki sem árin líða. Myndin hér fyrir neðan sýnir þróun á fjölda látinna og alvarlegra slasaðra í umferðinni á Íslandi undanfarin ár og markmið til ársins 2016.

Mynd 3. Láttnir og alvarlega slasaðir í umferðinni á Íslandi



Mynd 3. Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra 1991–2006 og markmið umferðaröryggisáætlunar. (Heimild: Umferðarstofa).

Árið 2008 létust 12 manns í jafnmörgum umferðarslysum hér á landi og 200 slösuðust alvarlega. Árið 2007 létust 15 í 15 slysum og 195 slösuðust alvarlega. Samkvæmt því hefur markmiði umferðaröryggisáætlunar ekki verið náð að fjöldi alvarlegra slasaðra og látinna sé innan viðmiðunarmarka. Það markmið hefur ekki náðst undanfarin þrjú ár. Hér að neðan er að finna töflur og myndir yfir helstu lykilstærðir úr slysaskrá Umferðarstofu.

Tafla 8. Láttnir og alvarlega slasaðir 1991 – 2008

Ár	Alvarlega slasaðir		Láttnir og alvarlega slasaðir
	Láttnir	slasaðir	
1991	27	230	257
1992	21	228	249
1993	17	246	263
1994	12	242	254
1995	24	239	263
1996	10	229	239
1997	15	203	218
1998	27	229	256
1999	21	222	243
2000	32	169	201
2001	24	158	182
2002	29	164	193
2003	23	145	168
2004	23	115	138
2005	19	129	148
2006	31	153	184
2007	15	195	210
2008	12	200	212

Tafla 9. Fjöldi og hlutfall látinna eftir kyni

2008	Fjöldi	
	látinna	Hlutfall
Karl	10	83,33%
Kona	2	16,67%

Tafla 10. Fjöldi og hlutfall látinna eftir aldri


2008	Fjöldi	
	látinna	Hlutfall
0-14 ára	0	0,00%
15-24 ára	3	25,00%
25-34 ára	1	8,33%
35-44 ára	1	8,33%
45-54 ára	0	0,00%
55-64 ára	3	25,00%
65 ára og eldri	4	33,33%

Tafla 11. Fjöldi og hlutfall látinna eftir ársfjórðungi

2008	Fjöldi látinna	Hlutfall
janúar-mars	4	33,33%
apríl-júní	4	33,33%
júlí-september	2	16,67%
október- desember	2	16,67%

Tafla 12. Fjöldi og hlutfall látinna í dreifbýli/þéttbýli

2008	Fjöldi látinna	Hlutfall
Dreifbýli	7	58,33%
Þéttbýli	5	41,67%



Samkvæmt mynd 4 hafa hlutfallslega mun fleiri látist í umferðarslysum í dreifbýli en í þéttbýli á árunum 1998-2007 miðað við fyrri ár. Á árinu 2008 dregur verulega úr þessu hlutfalli og er sambærilegt við árin 1993-1997 og fyrr.

Tafla 13. Flokkun látinna

2008	Fjöldi látinna	Hlutfall
Ökumenn bifreiða	9	75,00%
Farþegar bifreiða	2	16,67%
Ökumenn bifhjóla	1	8,33%
Fótgangandi	0	0,00%

Tafla 14. Tegund banaslysa


2008	Fjöldi látinna	Hlutfall
Árekstur	4	33,33%
Útafakstur	2	16,67%
Fall af bifhjóli	1	8,33%
Ekið út í á	2	16,67%
Ekið á ljósastaur	1	8,33%
Ekið á hlut á eða við akbraut	2	16,67%

Tafla 15. Fjöldi og hlutfall látinna eftir landsvæðum

2008	Fjöldi látinna	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	4	33,33%
Suðurnes	0	0,00%
Vesturland / Vestfirðir	2	16,67%
Norðurland	2	16,67%
Austurland	1	8,33%
Suðurland	3	25,00%

3.2 Samanburður við Norðurlönd

Meðfylgjandi línurit sýnir fjölda dauðsfalla í umferðinni á hverja 100.000 íbúa á Norðurlöndum. Þar sem gagnasafn á Íslandi er langminnst allra þessara þjóða, kemur fjöldi látinna í meiri sveiflum en annars staðar þekkist. Þannig stendur Ísland jafnfætis fremstu þjóðum á Norðurlöndum í besta árferði, en í slæmu árferði snýst það við og Ísland stendur öðrum Norðurlandþjóðum langt að baki. Af þeim sökum hefur m.a. verið ákveðið í umferðaröryggisáætlun að meta árangur út frá meðaltali undangenginna 5 ára, m.a. til að stækka gagnasafnið.



Mynd 5.

Viðauki I



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Skipulagt umferðareftirlit með áherslu á hraðakstur í maí – sept. 2008



Samstarfssamningurinn um sérstakt umferðareftirlit á milli ríkislögreglustjórans og Umferðarstofu fyrir hönd samgönguráðuneytis er gerður á þeim fjárhagslegu forsendum að Umferðarstofa greiðir viðkomandi lögregluembætti samkvæmt reikningi sem staðfestur er af ríkislögreglustjóra. Greitt er fyrir hverja unna klst. 3.661 krónur. Jafnframt greiðir Umferðarstofa fyrir hvern ekinn kílómetra lögreglubifreiðar sem notuð er við eftirlitið 74 kr. Markmið samningsins er að fækka banaslysum og alvarlega slösuðum í umferðinni, þannig að fjöldi slíkra tilfella á tímabilinu á hverja 100 þúsund íbúa verði ekki meiri hér á landi en hjá þeim þjóðum sem bestum árangri hafa náð í umferðaröryggi.

Í skýrslu þessari er fjallað um heildarniðurstöður úr hinu sérstaka umferðareftirliti sem fram fór á tímabilinu frá 15. maí til 30. september 2008. Alls tóku ellefu lögreglustjóraembætti þátt í eftirlitinu sem var skipulagt í samvinnu við ríkislögreglustjóran. Í niðurstöðum skýrslunnar er talað um mismunandi mörg löggæslusvæði sem geta komið fram oftar en einu sinni í upptalningu. Löggæslusvæði eru þeir staðir sem hafðir voru til hliðsjónar og tilgreindir eru í viðauka II við samstarfssamninginn um sérstakt umferðareftirlit. Þar eru tilgreindir þeir vegkaflar og mælistaðir þar sem mörg slys hafa orðið á undanförunum árum. Að jafnaði var einn lögreglumaður í eftirliti á lögreglubíl búnum ratsjártækjum með myndavélum (eye-witness búnaði). Á höfuðborgarsvæðinu fór eftirlitið aðallega fram á mótorhjólum. Embættin sýndu mikinn áhuga og metnað við verkefnið og reyndu eftir fremsta megni að fylgjast með öðrum brotum samhliða hinu sérstaka umferðareftirliti.

Samkvæmt upplýsingum úr sjálfvirkum umferðargreinum Vegagerðarinnar hefur meðalhraði á Hringveginum lækkað verulega á árunum 2007 og 2008 miðað við undanfarin fjögur ár. Þá ber að hafa í huga að bílbeltanotkun virðist vera almennari en áður ef marka má fjölda kærðra brota.

Alls var kært fyrir 3.206 brot tengt eftirlitinu og þar af kærur vegna hraðaksturs 2.805. Fækkun var á fjölda hraðabrota um 13% miðað við eftirlitið 2007. Einnig þurfti að hafa afskipti af færri öikumönnum tengt eftirlitinu árið 2008 eða 4.550 öikumönnum en 5.118 árið á undan. Með því að hafa skipulegt eftirlit lögreglu á þjóðvegum landsins næst umferðarhraði niður og hefur það þannig áhrif á fækkun slysa ásamt góðu forvarnargildi í umferðinni.

Lögregluembættið á Akranesi

Maí 2008

Í maí varði lögregluembættið á Akranesi 31 klukkustund á 5 dögum í umferðareftirlitið. Haft var afskipti af 26 öikumönnum, öllum vegna hraðaksturs, eða að meðaltali 0,8 á klst. Eknir voru 527 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að 1 til 8 löggæslusvæðum í senn.

Tafla 1. Upplýsingar um umferðareftirlitið á Akranesi í maí 2008.

Maí	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímafjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
22.5.2008	8	6	7	211	1	6
24.5.2008	6	10	7	106	1	10
Í júlí varði lögregluembættið á Seyðisfirði 23 dögum í umferðareftirlit með sérstaka áherslu á hraðakstur. Varði lögreglan 126 klukkustundum í eftirlitið og hafði afskipti af 262 öikumönnum, eða að meðaltali tveimur á klst. Eknir voru 2.031 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að þremur löggæslusvæðum í senn. Alls voru 40 grunaðir um of hraðan akstur, einn var ekki með ökuskírteini meðferðir og í tveimur tilvikum var um að ræða „önnur brot“.

Tafla 38. Upplýsingar um umferðareftirlit á Seyðisfirði í júlí 2008.

Júlí	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímafjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
1.7.2008	3	8	5	89	1	2
2.7.2008	3	4	6	66	1	0
3.7.2008	3	6	5	57	1	2
4.7.2008	3	4	6	71	1	2
5.7.2008	3	21	6	97	1	1
7.7.2008	3	6	5	72	1	1
8.7.2008	3	8	5	64	1	1
9.7.2008	3	37	5	148	1	0
10.7.2008	3	8	5	73	1	1
11.7.2008	3	18	6	83	1	2
12.7.2008	3	3	6	88	1	0
14.7.2008	3	10	6	108	1	4
15.7.2008	3	5	5	69	1	0
16.7.2008	3	9	5	68	1	0
18.7.2008	3	6	5	66	1	1
21.7.2008	3	12	6	100	1	9
22.7.2008	3	11	5	91	1	4
23.7.2008	3	11	6	98	1	4
26.7.2008	3	18	6	139	1	2
28.7.2008	3	18	6	82	1	2
29.7.2008	3	12	5	85	1	3
30.7.2008	3	13	6	90	1	2
31.7.2008	3	14	5	127	1	0
Alls	69	262	126	2.031	23	43

Ágúst 2008

Í ágúst varði lögregluembættið á Seyðisfirði 25 dögum í umferðareftirlit með sérstaka áherslu á hraðakstur. Varði lögreglan 135 klukkustundum í eftirlitið og hafði afskipti af 170 öikumönnum, eða að meðaltali 1,3 á klst. Eknir voru 2.411 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að þremur löggæslusvæðum í senn. Alls voru 83 grunaðir um of hraðan akstur, einn um vítaverðan akstu, einn notaði ekki bílbelti, ein athugasemd var gerð við ljósanotkun og í einu tilviki var um að ræða „önnur brot“.

Tafla 39. Upplýsingar um umferðareftirlit á Seyðisfirði í ágúst 2008.

Ágúst	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímafjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
1.8.2008	3	10	5	100	1	6
2.8.2008	3	8	6	166	1	4
4.8.2008	3	20	6	75	1	3
5.8.2008	3	1	5	82	1	1
6.8.2008	3	3	5	93	1	3
7.8.2008	3	15	5	97	1	1
8.8.2008	3	5	5	79	1	6
9.8.2008	3	9	6	91	1	9
11.8.2008	3	4	6	101	1	4
12.8.2008	3	5	5	69	1	3
13.8.2008	3	7	6	111	1	5
14.8.2008	3	5	5	70	1	5
15.8.2008	3	5	6	97	1	4
16.8.2008	3	4	6	89	1	4
18.8.2008	3	6	6	89	1	3
19.8.2008	3	5	5	75	1	5
20.8.2008	3	1	5	95	1	1
21.8.2008	3	2	5	96	1	2
23.8.2008	3	1	6	198	1	1
25.8.2008	3	3	5	95	1	3
26.8.2008	3	13	6	83	1	2
27.8.2008	3	8	5	71	1	6
28.8.2008	3	11	5	92	1	3
29.8.2008	3	14	5	98	1	3
30.8.2008	3	5	5	99	1	0
Alls	75	170	135	2411	25	87


September 2008

Í september varði lögregluembættið á Seyðisfirði 24 dögum í umferðareftirlit með sérstaka áherslu á hraðakstur. Varði lögreglan 131 klukkustund í eftirlitið og hafði afskipti af 119 öikumönnum, eða að meðaltali 0,9 á klst. Eknir voru 2.071 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að þremur löggæslusvæðum í senn. Alls voru 48 grunaðir um of hraðan akstur, fimm höfðu ekki ökuskírteini meðferðis, einn var réttindalaus, tveir fengu athugasemd vegna ljósanotkunar, einn virti ekki bið- eða stöðvunarskyldu og í 6 tilvikum var um að ræða „önnur brot“.

Tafla 40. Upplýsingar um umferðareftirlit á Seyðisfirði í september 2008.

Sept.	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímafjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
1.9.2008	3	5	6	76	1	3
2.9.2008	3	2	5	116	1	2
3.9.2008	3	7	6	93	1	1
4.9.2008	3	11	5	95	1	0
5.9.2008	3	6	5	78	1	7
6.9.2008	3	2	5	73	1	1
8.9.2008	3	7	5	82	1	1
9.9.2008	3	6	5	72	1	2
10.9.2008	3	2	4	69	1	2
11.9.2008	3	5	5	80	1	1
12.9.2008	3	8	6	130	1	4
13.9.2008	3	7	6	112	1	4
15.9.2008	3	9	6	85	1	7
16.9.2008	3	1	5	72	1	1
17.9.2008	3	2	6	91	1	2
18.9.2008	3	1	5	75	1	1
20.9.2008	3	6	6	90	1	5
22.9.2008	3	5	6	80	1	5
23.9.2008	3	4	5	61	1	2
24.9.2008	3	7	6	84	1	3
25.9.2008	3	4	6	78	1	2
26.9.2008	3	1	6	102	1	1
29.9.2008	3	7	6	87	1	4
30.9.2008	3	4	5	90	1	2
Alls	72	119	131	2.071	24	63

Ef litið er til alls tímabilsins á Seyðisfirði má sjá að 54 voru teknir fyrir of hraðan akstur þar sem hámarkshraði var 50 km/klst., tveir þar sem hámarkshraði var 70 km/klst. og einn þar sem hámarkshraði var 80 km/klst. Einn var tekinn fyrir of hægán akstur þar sem hámarkshraði var 90 km/klst. en 158 fyrir of hraðan akstur. Á mynd 9 má sjá að 57% stöðvaðra voru teknir á 101-110 km/klst., 28% á 111-120 km. Þá voru um 9% teknir á meira en 120 km/klst.



Mynd 9. Hraði ökumanna sem teknir voru af lögreglunni á Seyðisfirði fyrir of hraðan akstur þar sem hámarkshraði var 90 km/klst., hlutfall.

Lögregluembættið á Snæfellsnesi

Júní 2008

Í júní varði lögregluembættið á Snæfellsnesi 27,5 klukkustundum á 7 dögum í umferðareftirlitið. Haft var afskipti af 9 öikumönnum, eða að meðaltali 0,3 á klst. Eknir voru 1.581 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að einu löggæslusvæði í senn. Alls voru 9 grunaðir um of hraðan akstur og einn um „önnur brot“.

Tafla 41. Upplýsingar um umferðareftirlit á Snæfellsnesi í júní 2008.

Júní	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímafjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
12.6.2008	1	1	4	280	1	0
16.6.2008	1	1	3,5	311	1	1
18.6.2008	1	1	4	306	1	0
19.6.2008	1	1	4	195	1	0
25.6.2008	1	1	4	167	1	3
26.6.2008	1	2	4	175	1	3
27.6.2008	1	2	4	147	1	3
Alls	7	9	27,5	1581	7	10

Júlí 2008

Í júlí varði lögregluembættið á Snæfellsnesi 15 klukkustundum á þremur dögum í umferðareftirlitið. Haft var afskipti af 11 öikumönnum, eða að meðaltali 0,7 á klst. Eknir voru 697 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að einu löggæslusvæði í senn. Alls voru þrjú grunaðir um of hraðan akstur, tveir um ölvunarakstur og tveir um „önnur brot“.

Tafla 42. Upplýsingar um umferðareftirlit á Snæfellsnesi í júlí 2008.

Júlí	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímalfjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
2.7.2008	1	0	5	199	1	0
3.7.2008	1	9	6	245	1	5
13.7.2008	1	2	4	253	1	2
Alls	3	11	15	697	3	7


Ágúst 2008

Í ágúst varði lögregluembættið á Snæfellsnesi 5 klukkustundum á einum degi í umferðareftirlitið. Haft var afskipti af 4 öikumönnum, eða að meðaltali 0,8 á klst. Eknir voru 125 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að einu löggæslusvæði í senn. Alls voru fjórir grunaðir um of hraðan akstur.

Tafla 43. Upplýsingar um umferðareftirlit á Snæfellsnesi í ágúst 2008.

Ágúst	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímalfjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
28.8.2008	1	4	5	125	1	4
Alls	1	4	5	125	1	4

Ef litið er til alls tímabilsins á Snæfellsnesi má sjá að 16 voru teknir fyrir of hraðan akstur, allir á svæði þar sem hámarkshraði var 90 km/klst. Á mynd 10 má sjá að 94% þeirra sem voru stöðvaðir voru teknir á 101-120 km/klst. Sá sem hraðast ók var á 126 km/klst.



Mynd 10. Hraði ökumanna sem teknir voru af lögreglunni á Snæfellsnesi fyrir of hraðan akstur þar sem hámarkshraði var 90 km/klst., hlutfall.

Lögregluembættið á Suðurnesjum

Maí 2008

Í maí varði lögregluembættið á Suðurnesjum 10 dögum og 80 klukkustundum í umferðareftirlitið. Haft var afskipti af 47 öikumanni, eða að meðaltali 0,6 á klst. Eknir voru 1.469 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að þremur löggæslusvæðum í senn. Alls voru 42 grunaðir um of hraðan akstur, einn var ekki með ökuskírteini meðferðis, einn virti ekki bið- eða stöðvunarskyldur og í tveimur tilvikum var um að ræða „önnur brot“.

Tafla 44. Upplýsingar um umferðareftirlit á Suðurnesjum í maí 2008.

Maí	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímalfjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
21.5.2008	3	8	8	125	1	8
22.5.2008	3	5	8	174	1	5
23.5.2008	3	4	8	110	1	4
25.5.2008	3	6	8	90	1	6
26.5.2008	3	11	8	140	1	11
27.5.2008	3	4	8	227	1	4
28.5.2008	3	4	8	119	1	4
29.5.2008	3	2	8	178	1	2
30.5.2008	3	2	8	186	1	2
31.5.2008	3	1	8	120	1	1
Alls	30	47	80	1469	10	47

Júní 2008

Í júní varði lögregluembættið á Suðurnesjum 25 dögum og 200 klukkustundum í eftirlitið. Haft var afskipti af 70 öikumönnum, eða að meðaltali 0,4 á klst. Eknir voru 3.587 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að þremur löggæslusvæðum í senn. Alls voru 62 grunaðir um of hraðan akstur, einn var ekki með ökuskírteini, tveir notuðu ekki bílbelti, í fjórum tilvikum var bið- eða stöðvunarskylda ekki virt og í átta tilvikum var um að ræða „önnur brot“.

Tafla 45. Upplýsingar um umferðareftirlit á Suðurnesjum í júní 2008.

Júní	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímalfjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
2.6.2008	3	1	8	259	1	1
3.6.2008	3	0	8	107	1	0
4.6.2008	3	2	8	173	1	2
5.6.2008	3	3	8	40	1	3
6.6.2008	3	4	8	162	1	4
8.6.2008	3	4	8	121	1	4

9.6.2008	3	3	8	188	1	5
10.6.2008	3	2	8	127	1	4
11.6.2008	3	6	8	148	1	6
12.6.2008	3	4	8	168	1	4
13.6.2008	3	3	8	141	1	3
14.6.2008	3	3	8	110	1	4
16.6.2008	3	?	8	50	1	0
17.6.2008	3	?	8	50	1	0
18.6.2008	3	5	8	122	1	5
19.6.2008	3	1	8	162	1	1
20.6.2008	3	5	8	191	1	5
22.6.2008	3	3	8	193	1	5
23.6.2008	3	4	8	132	1	4
24.6.2008	3	1	8	156	1	1
25.6.2008	3	8	8	132	1	9
26.6.2008	3	6	8	122	1	6
27.6.2008	3	1	8	193	1	1
28.6.2008	3	0	8	150	1	0
30.6.2008	3	1	8	190	1	1
Alls	75	70	200	3587	25	78

Júlí 2008

Í júlí varði lögregluembættið á Suðurnesjum 216 klukkustundum á 27 dögum í umferðareftirlitið. Haft var afskipti af 58 öikumönnum, eða að meðaltali 0,3 á klst. Eknir voru 3.462 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að þremur löggæslusvæðum í senn. Alls voru 47 grunaðir um of hraðan akstur, einn um ölvunarakstur, tveir voru réttindalausir, tveir notuðu ekki bílbelti og 6 einstaklingar virtu ekki bið- eða stöðvunarskyldu.

Tafla 46. Upplýsingar um umferðareftirlit á Suðurnesjum í júlí 2008.

Júlí	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímafjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
1.7.2008	3	0	8	120	1	0
2.7.2008	3	6	8	153	1	6
3.7.2008	3	2	8	187	1	2
4.7.2008	3	4	8	73	1	4
6.7.2008	3	2	8	118	1	2
7.7.2008	3	4	8	82	1	4
8.7.2008	3	2	8	186	1	2
9.7.2008	3	8	8	145	1	8
10.7.2008	3	0	8	75	1	0
11.7.2008	3	2	8	120	1	2
12.7.2008	3	5	8	190	1	5

14.7.2008	3	1	8	110	1	1
15.7.2008	3	5	8	143	1	5
16.7.2008	3	1	8	186	1	1
17.7.2008	3	2	8	111	1	2
18.7.2008	3	2	8	93	1	2
20.7.2008	3	1	8	125	1	1
21.7.2008	3	1	8	145	1	0
22.7.2008	3	2	8	137	1	2
23.7.2008	3	2	8	115	1	3
24.7.2008	3	2	8	144	1	2
25.7.2008	3	1	8	98	1	1
26.7.2008	3	1	8	130	1	1
28.7.2008	3	0	8	129	1	0
29.7.2008	3	2	8	95	1	2
30.7.2008	3	0	8	117	1	0
31.7.2008	3	0	8	135	1	0
Alls	81	58	216	3462	27	58

Ágúst 2008

Í ágúst varði lögregluembættið á Suðurnesjum 25 dögum í umferðareftirlit með sérstaka áherslu á hraðakstur. Varði lögreglan 200 klukkustundum í eftirlitið og hafði afskipti af 38 öikumönnum, eða að meðaltali 0,2 á klst. Eknir voru 3.099 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að þremur löggæslusvæðum í senn. Alls voru 32 grunaðir um of hraðan akstur, einn um fíkniefnaakstur, einn notaði ekki bílbelti, tveir virtu ekki bið- eða stöðvunarskyldu, einn hafði vanrækt að fara með ökutækið í skoðun og í einu tilviki var um að ræða einhvers konar „annað brot“.

Tafla 47. Upplýsingar um umferðareftirlit á Suðurnesjum í ágúst 2008.

	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímafjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
1.8.2008	3	2	8	137	1	2
4.8.2008	3	3	8	178	1	3
5.8.2008	3	2	8	125	1	2
6.8.2008	3	2	8	137	1	2
7.8.2008	3	0	8	112	1	0
8.8.2008	3	0	8	97	1	0
10.8.2008	3	0	8	123	1	0
11.8.2008	3	1	8	114	1	1
12.8.2008	3	4	8	126	1	4
13.8.2008	3	2	8	85	1	2
14.8.2008	3	2	8	128	1	2
15.8.2008	3	1	8	107	1	1
16.8.2008	3	2	8	80	1	2

18.8.2008	3	6	8	100	1	6
19.8.2008	3	1	8	145	1	1
20.8.2008	3	1	8	136	1	1
21.8.2008	3	4	8	183	1	4
22.8.2008	3	1	8	85	1	1
24.8.2008	3	0	8	115	1	0
25.8.2008	3	0	8	148	1	0
26.8.2008	3	1	8	136	1	1
27.8.2008	3	2	8	125	1	2
28.8.2008	3	0	8	178	1	0
29.8.2008	3	0	8	110	1	0
30.8.2008	3	1	8	89	1	1
Alls	75	38	200	3.099	25	38

September 2008


Í september varði lögregluembættið á Suðurnesjum 26 dögum og 208 klukkustundum í umferðareftirlitið. Haft var afskipti af 33 öikumönnum, eða að meðaltali 0,2 á klst. Eknir voru 3.331 km. í tengslum við eftirlitið sem var beint að þremur löggæslusvæðum í senn. Alls voru 29 grunaðir um of hraðan akstur, tveir um ölvunarakstur og tveir um að hafa ekki virt bið- eða stöðvunarskyldu.

Tafla 48. Upplýsingar um umferðareftirlit á Suðurnesjum í september 2008.

Sept.	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímafjöldi	Eknir km	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
1.9.2008	3	0	8	90	1	0
2.9.2008	3	0	8	113	1	0
3.9.2008	3	1	8	123	1	1
4.9.2008	3	1	8	141	1	1
5.9.2008	3	1	8	110	1	1
7.9.2008	3	0	8	80	1	0
8.9.2008	3	3	8	154	1	3
9.9.2008	3	2	8	137	1	2
10.9.2008	3	2	8	156	1	2
11.9.2008	3	2	8	126	1	2
12.9.2008	3	0	8	95	1	0
13.9.2008	3	0	8	111	1	0
15.9.2008	3	4	8	202	1	4
16.9.2008	3	0	8	101	1	0
17.9.2008	3	0	8	117	1	0
18.9.2008	3	2	8	156	1	2
19.9.2008	3	0	8	141	1	0

21.9.2008	3	1	8	125	1	1
22.9.2008	3	0	8	123	1	0
23.9.2008	3	1	8	103	1	1
24.9.2008	3	1	8	91	1	1
25.9.2008	3	7	8	218	1	7
26.9.2008	3	2	8	135	1	2
27.9.2008	3	2	8	125	1	2
29.9.2008	3	0	8	133	1	0
30.9.2008	3	1	8	125	1	1
Alls	78	33	208	3331	26	33

Ef litið er til alls tímabilsins á Suðurnesjum má sjá að 5 voru teknir fyrir of hraðan akstur þar sem hámarkshraði var 50 km/klst., 21 þar sem hámarkshraði var 70 km/klst. og 186 þar sem hámarkshraði var 90 km/klst. Á mynd 11 má sjá að um helmingur stöðvaðra voru teknir á 111-120 km/klst. og rúmur þriðjungur á 121-130 km/klst. Þeir sem hraðast óku voru á 185, 187 og 212 km/klst.



Mynd 11. Hraði ökumanna sem teknir voru af lögreglunni á Suðurnesjum fyrir of hraðan akstur þar sem hámarkshraði var 90 km/klst., hlutfall.


Samantekt

Á töflu 49 má sjá heildarfjölda löggæslusvæða, afskipta, klukkustunda sem fór í eftirlitið, ekinna kílómetra í eftirlitinu, lögreglumanna (þ.e. fjölda í eftirliti hverju sinni) sem og fjölda brota greint eftir lögregluembættum.

Tafla 49. Upplýsingar úr umferðareftirlitinu í maí-september 2008, greint eftir embættum.


	Fjöldi löggæslu- svæða	Fjöldi afskipta	Tímafjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglu- manna	Fjöldi brota
Akranes	254	206	373	8.895	54	198
Akureyri	306	332	773	26.176	121	332
Blönduós	394	676	810	26.830	127	689
Borgarnes	397	503	718	20.571	106	340
Húsavík	87	550	155	6.248	38	151
Hvolsvöllur	274	436	371	14.014	70	431
Höfuðborgarsvæðið	304	592	1.070	33.571	268	307
Selfoss	310	293	597	13.709	75	245
Seyðisfjörður	282	692	516	8.337	94	238
Snæfellsnes	11	24	47,5	2.403	11	21
Suðurnes	339	246	904	14.948	113	254
Samtals	2.958	4.550	6.334,5	175.702	1.077	3.206

Eins og sjá má á mynd 12 voru höfð flest afskipti af öikumönnum vegna eftirlitsins á Seyðisfirði (692), Blönduósi (676) og höfuðborgarsvæðinu (592). Uppvíst varð um flest brot hjá lögreglunni á Blönduósi (689 brot) og Hvolsvelli (419 brot).




Mynd 12. Fjöldi afskipta og brota vegna eftirlitsins í maí-sept. 2008, greint eftir embættum.

Á myndum 13 og 14 má sjá fjölda ekinna kílómetra og fjölda klukkustunda sem fóru í eftirlitið greint eftir lögregluembættum. Þar má sjá að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ók flesta kílómetra vegna verkefnisins eða um 33.500 km., næstflesta ók lögreglan á Blönduósi, eða tæpa 27.000 og lögreglan á Akureyri ók rúmlega 26.000 km. Þá voru unnir flestir tímar á höfuðborgarsvæðinu (1.070 klst.) í tengslum við eftirlitið, næstflestir á Suðurnesjum (914 klst.) og síðan á Blönduósi (810 klst.).



Mynd 13. Fjöldi kílómetra sem eknir voru í tengslum við eftirlitið í maí-september 2008, greint eftir embættum.




Mynd 14. Fjöldi vinnustunda (klst.) lögreglumanna vegna eftirlitsins í maí-september, greint eftir embættum.

Eins og sjá má á töflu 50 var kostnaður við eftirlitið rúmar 36 milljónir. Fóru tæpar 7 milljónir til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu vegna eftirlitsins og tæpar 5 milljónir til lögreglunnar á Akureyri annars vegar og á Blönduósi hins vegar.

Tafla 50. Kostnaður vegna eftirlitsins greint eftir embættum.


	Eknir km	Kostn v/akstur	Unnir tímar	Kostn. v/ vinnu	Reikningur alls
Akranes	8.895	614.738	373	1.365.553	1.980.291
Akureyri	26.176	1.937.024	773	2.829.953	4.766.977
Blönduós	26.830	1.985.420	810	2.965.410	4.950.831
Borgarnes	20.571	1.528.299	718	2.628.598	4.156.897
Húsavík	6.248	462.352	155	567.456	1.029.808
Hvolsvöllur	14.014	1.054.722	371	1.358.231	2.412.953
Höfuðb.svæðið	33.571	2.972.785	1.070	3.916.648	6.889.433
Selfoss	13.709	1.030.266	597	2.185.617	3.215.883
Seyðisfjörður	8.337	620.818	516	1.889.076	2.509.894
Snæfellsnes	2.403	177.822	47,5	173.937	351.719
Suðurnes	14.948	1.095.869	904	3.309.544	4.405.413
Alls	175.702	13.480.115	6.334,5	23.190.023	36.670.099

Um 87,5% brotanna sem lögreglan gerði upptæk voru hraðakstursbrot en annars konar brot um 12,5%. Ef litið er til annarra brota en hraðakstursbrota má sjá að í 47 tilvikum var gerð athugasemd við ljósanotkun, 36 ökumenn voru með útrunnin ökuskírteini og 29 voru grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna. Þá var um að ræða „önnur brot“ (sjá mynd 15) í 187 tilvikum.




Mynd 15. Fjöldi annars konar brota en hraðakstursbrota sem uppvíst varð um í eftirlitinu.

Á mynd 16 má sjá mældan hraða í eftirlitinu sem fór fram eins og áður sagði frá maí til september 2008 í embættunum ellefu. Tölurnar hér byggja á því þegar mældur hraði var kunnur. Flestir, eða um 45% voru teknir á 110-120 km./klst. en 36% á 101-110 km./klst. Þá voru 18% ökumanna teknir á yfir 120 km. hraða.



Mynd 16. Mældur hraði í eftirlitinu maí-sept. 2008 þar sem hámarkshraði var 90 km./klst., hlutfall.

Á mynd 17 má sjá umferðareftirlitið í fyrra samanborið við eftirlitið í ár. Þar má sjá að lögreglan hafði afskipti af rúmlega 5.100 ökumönnum árið 2007 en rúmlega 4.500 árið 2008. Fjöldi brota var 3.616 árið 2007, þar af 89% hraðakstursbrot (eða 3.212 slík brot). Á árinu 2008 komst upp um 3.206 brot, þar af 88% hraðakstursbrot (eða 2.806 brot). Ekið var rúmlega 7.500 km. meira í ár en í fyrra, eða 175.702 km. Fjöldi klukkustunda sem varið var í eftirlitið var mjög svipaður og í fyrra, eða um 6.300 klukkustundir.



Mynd 17. Fjöldi afskipta, brota, kílómetra og klukkustunda í hraðæftirliti sem fram fór í maí-september 2007 og 2008.

Viðauki II



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

**Sjálfvirkt hraðæftirlit
Stafrænar hraðamyndavélar**

**Ársskýrsla
2008**

I. Tilmæli og aðdragandi

Í samstarfssamningi um sjálfvirkt hraðaeftirlit sem ríkislögreglustjórinn, Vegagerðin og Umferðarstofa gerðu með sér þann 1. febrúar 2007 er kveðið á um skyldu ríkislögreglustjóra að taka saman upplýsingar um hvernig eftirlitinu er háttað, hversu margar myndir hafa verið teknar og hversu hátt hlutfall þeirra hafi orðið að sektarboðum.

Uppsetning vélanna er liður í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda og tilgangurinn sá að draga úr ökuhraða á þjóðvegum og fækka umferðarslysum. Umferðaröryggisáætlun er hluti samgönguáætlunar. Samgönguráðuneytið, ríkislögreglustjóri, Umferðarstofa og Vegagerðin vinna að uppsetningu hraðamyndavélanna. Myndatakan er stafræn og eru upplýsingar um hraðabrot sendar samstundis til lögreglunnar.

Tölfræðiupplýsingar voru teknar úr málaskrá lögreglunnar þann 15. janúar 2009 og unnar af stjórnsýslusviði ríkislögreglustjóra. Tímabilið sem greint er hér að neðan nær frá 1. janúar 2008 til 31. desember 2008.

II. Hraðamyndavélar

Föstudaginn 18. janúar 2008 voru tvær stafrænar hraðamyndavélar teknar í notkun í Fáskrúðsfjarðargöngum. Þar með voru vélnar orðnar fjórar en tvær vélar voru teknar í notkun í júlí 2007. Þann 9. maí 2008 bættist fimmta hraðamyndavélin við og er hún í Hvalfjarðargöngunum. Fimmtudaginn 29. maí 2008 voru fjórar stafrænar hraðamyndavélar teknar í notkun á Reykjanesi, en þær eru á Garðskagavegi og Sandgerðisvegi.

Þótt hraðamyndavélnar séu í umdæmi lögreglustjóranna í Borgarnesi, á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Eskifirði eru brotin skráð hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi. Samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra fer lögreglustjórinn á Snæfellsnesi með umsýslu málanna en lögreglustjórinn á Hvolsvelli annast sektargerðir og sendir þær öikumönnum. Alls voru sjö stafrænar hraðamyndavélar settar upp árið 2008 og eru þær orðnar samtals níu.

III. Notkun hraðamyndavélanna

Í júlí 2007 voru tvær stafrænar vélar teknar í notkun í Hvalfjarðarsveit. Í greinargerð stjórnsýslusviðs ríkislögreglustjóra, sem unnin var í október 2008 var fjallað um að í Hvalfjarðarsveit hafi frá byrjun júní 2008 til loka september tiltölulega fá brot verið skráð miðað við fyrri mánuði. Skýra mátti það að einhverju leyti með því að vélnar voru ekki í notkun alla daga. Hafa ber í huga að hægt er að stýra því hvenær vélnar eru í gangi sem gerir það að verkum að erfitt er að bera saman tímabil ef vélnar hafa verið í mismikilli notkun.


Stafrænar hraðamyndavélar á Fáskrúðsfirði voru ekki í notkun frá því um miðjan október vegna þess að það þurfti að senda búnaðinn til Noregs í skoðun. Vélnar eru ekki enn komnar í gagnid

aftur. Það skýrir af hverju svo fá brot voru skráð í Fáskrúðsfjarðargöngum í október og engin í nóvember og desember. Stafrænar hraðamyndavélar í Hvalfjarðarsveit (við Hagamel og Fiskilæk) hafa ekki verið í notkun síðan í lok september vegna þess að senda þurfti búnaðinn til Noregs í skoðun. Að vísu var búið að slökkva á vélinni á Hagamel í byrjun september þar sem hún framkallaði svo slæmar myndir að það hafði engan tilgang að taka á móti þeim. Önnur vélin á Garðskagavegi, var send í skoðun í október og mældi ekki þrjár fyrstu vikurnar í þeim mánuði.

Það að vélarnar hafi ekki verið í notkun hluta úr árinu, bæði vegna þess að slökkt var á þeim tímabundið og vegna þess að senda þurfti þær til Noregs í skoðun, vekur upp spurningar er lúta að fyrirkomulagi um notkun vélanna. Helst ber að nefna viðbrögð við því ef vél bilar eða búnaður á tilteknum stað er sendur í viðgerð sem leiðir af sér að rafræn skráning brota fellur niður. Huga þarf að samræmi í löggæslu í slíkum tilfellum er varða t.a.m. viðvörðunarkerki sem vísa á að sjálfvirkt eftirlit sé framundan og hvort slík merki eigi að standa ef viðgerð tekur langan tíma. Einnig ber að huga að því að mismikil notkun vélanna getur skekkt tölfræðilegan samanburð milli mánuða og ára og þar með verður erfiðara að meta árangur. Síðast en ekki síst þarf að skoða hvort aðrar vélar og auka búnaður sé til staðar af hálfu Vegagerðarinnar, þannig að ekki þurfi að leggja niður skráningu brota til skemmri eða lengri tíma.

IV. Fjöldi brota og myndir


Það voru 16.125 brot skráð með stafrænum hraðamyndavélum skv. málaskrá lögreglunnar árið 2008. Sjá má á mynd eitt hvernig brotin hafa dreifst milli mánaða. Flest brotin voru skráð í júní og júlí en fæst í desember. Eins og fram hefur komið þá voru teknar í notkun fimm nýjar stafrænar hraðamyndavélar í maí 2008 og má rekja fjölgun brota að miklu leyti til fjölgunar vélanna.



Mynd 1. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu frá 01.01.2008 til 31.12.2008 greint eftir mánuðum.

Á mynd tvö má sjá fjölda skráðra hraðaksturbrota eftir vettvangi. Fjallað verður nánar um hvern vettvang síðar í samantektinni en hafa ber í huga að hraðamyndavélar í Hvalfjarðarsveit voru


fyrstu vélarnar sem teknar voru í notkun í byrjun júlí 2007. Aðrar hraðamyndavélar voru teknar í notkun á árinu 2008 sem skýrir að miklu leyti mun milli vettvanga.



Mynd 2. Fjöldi hraðakstursbrota sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu greint eftir vettvangi frá 01.01.2008 til 31.12.2008.

V. Hvalfjarðarsveit


Það voru 6.630 hraðaksturbrot skráð með stafrænum hraðamyndavélunum í Hvalfjarðarsveit árið 2008. Flest brotin voru skráð í apríl en fæst í september. Vélarnar í Hvalfjarðarsveit voru ekki í notkun síðustu þrjú mánuði ársins þar sem þær voru í skoðun í Noregi eins og kemur fram í kafla þrjú.



Mynd 3. Fjöldi hraðakstursbrota sem hraðamyndavélar í Hvalfjarðarsveit skráðu frá 01.01.2008 til 31.12.2008 greint eftir mánuðum.

Samkvæmt upplýsingum úr málaskrá lögreglunnar voru um 89% ökumanna sem óku of hratt í Hvalfjarðarsveit á 96-110 km/klst. þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Um 32% þeirra óku á

bilinu 96-100 km/klst. Miðað er við mældan ökuhraða án tillits til vikmarka í myndum hér að neðan (sjá skýringar á mældum hraða og vikmörkum í viðauka).




Mynd 4. Hlutfall hraðakstursbrota í Hvalfjarðarsveit þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. greint eftir mældum hraða án tillits til vikmarka og skráð af stafrænum hraðamyndavélum á tímabilinu 01.01.2008 til 31.12.2008.

VI.


Fáskrúðsfjarðargöng og Hvalfjarðargöng

Tvær stafrænar hraðamyndavélar voru teknar í notkun þann 18. janúar 2008 í Fáskrúðsfjarðargöngum. Alls hafa 1.747 hraðakstursbrot verið skráð í göngunum frá því vélnar voru teknar í notkun. Flest brot voru skráð í ágúst en fæst í október þar sem vélnar voru sendar í skoðun til Noregs um miðjan október eins og fram kemur í kafla þrjú.




Mynd 5. Fjöldi hraðakstursbrota sem hraðamyndavélar í Fáskrúðsfjarðargöngum skráðu frá 18.01.2008 til 31.12.2008 greint eftir mánuðum.

Ein stafræn hraðamyndavél var tekin í notkun þann 9. maí 2008 í Hvalfjarðargöngum. Alls hafa 5.768 hraðakstursbrot verið skráð í göngunum frá því vélin var tekin í notkun, flest brot í júní eða 935, en fæst í desember.



Mynd 6. Fjöldi hraðakstursbrota sem hraðamyndavél í Hvalfjarðargöngum skráði frá 09.05.2008 til 31.12.2008 greint eftir mánuðum.


Samkvæmt upplýsingum úr málaskrá lögreglunnar var hraði 81% þeirra ökumanna sem óku of hratt í Fáskrúðsfjarðargöngum á bilinu 76-90 km/klst. Þar sem hámarkshraði er 70 km/klst. Um 96% ökumanna í Hvalfjarðargöngum sem óku yfir hámarkshraða var á bilinu 76-90 km/klst. Flestir ökumenn, sem aka of hratt í Fáskrúðsfjarðargöngum og Hvalfjarðargöngum, eru á bilinu 81-90 km/klst. Eins og sjá má á mynd sjö þá eru hlutfallslega fleiri ökumenn sem aka í gegnum Fáskrúðsfjarðargöng samanborið við Hvalfjarðargöng á yfir 91 km/klst.



Mynd 7. Hlutfall hraðakstursbrota þar sem hámarkshraði er 70 km/klst. greint eftir mældum hraða án tillits til vikmarka og skráð af stafrænum hraðamyndavélum á tímabilinu 18.01.2008 til 31.12.2008.


VII. Suðurnes

Fjórar stafrænar hraðamyndavélar voru teknar í notkun þann 29. maí 2008 á Suðurnesjum, tvær á Garðskagavegi og tvær á Sandgerðisvegi. Alls hafa 1.980 hraðakstursbrot verið skráð á Suðurnesjum frá því vélarnar voru teknar í notkun. Flest brot voru skráð í júní eða 569 en fæst í október en þá var ein hraðamyndavél á Garðskagavegi ekki í notkun í þrjár vikur eins og fram kemur í kafla þrjú.



Mynd 8. Fjöldi hraðakstursbrota sem hraðamyndavélar á Suðurnesjum hafa skráð frá 29.05.2008 til 31.12.2008 greint eftir mánuðum.


Eins og sjá má á mynd níu voru 91% ökumanna sem óku of hratt á Suðurnesjum á bilinu 96-110 km/klst. þar sem hámarkshraði er 90 km/klst.



Mynd 9. Hlutfall hraðakstursbrota á Suðurnesjum þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. greint eftir mældum hraða án tillits til vikmarka og skráð af stafrænum hraðamyndavélum á tímabilinu 29.05.2008 til 31.12.2008.

VIII. Sektarboð

Af þeim 16.125 hraðakstursbrotum sem skráð voru á árinu 2008, þá hafa um 12.700 ökumenn greitt sektir, um 2000 mál eru í sektarmeðferð og um 1700 mál eru í öðrum farvegi. Alls hafa um 78% ökumanna greitt sínar sektir og um 12% mála er í sektarmeðferð skv. málaskrá lögreglunnar 15. janúar 2009. Hafa ber í huga að ekki er ólíklegt að nýlegar sektir eigi eftir að greiða og því gæti hlutfall greiddra sekta orðið hærra fyrir umrætt tímabil.



Mynd 10. Staða mála sem stafrænar hraðamyndavélar skráðu frá 01.01.2008 til 31.12.2008 skv. málaskrá lögreglunnar 15. janúar 2009.

IX. Viðauki

Ef mældur hraði er 100 km/klst eða minni, eru 3 km/klst dregin frá mældum hraða og sektin miðuð við þá tölu sem eftir stendur. Þegar mældur hraði er 101 km/klst eða meiri, eru 3% af mælda hraðanum reiknuð út og sé niðurstaðan ekki slétt tala, þ.e. er með aukastöfum, er hún hækkuð upp í næstu heilu tölu fyrir ofan og sú tala dregin frá mælda hraðanum og sektin miðast við þá tölu sem eftir stendur.

Dæmi: Ökutæki mælist á 106 km/klst. Reiknuð eru 3% af mælda hraðanum og niðurstaðan er 3,18. Sú tala er þá hækkuð upp í næstu heilu tölu sem er 4 og hún dregin frá mælda hraðanum og niðurstaðan, 102 km/klst er sú tala sem sektin er miðuð við.

Pétur Berg Matthíasson
Stjórnsýslusvið ríkislögreglustjóra
22.01.2009

Viðauki III



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Eftirlit með ölvunarakstri og akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna Mars og apríl 2008

Október 2008

Lögreglan í landinu var í sérstöku eftirliti með ölvunarakstri og akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna frá 16. mars til 31. apríl 2008. Alls tóku 14 lögreglustjórar þátt í eftirlitinu. Eftirlitið var skipulagt með þeim hætti að sem flest ökutæki væru stöðvað og kannað með ástand ökumanna.

Lögregluembættið á Akranesi

Embætti lögreglustjórans á Akranesi varði 8 dögum í sérstakt ölvunareftirlit og alls 118 klukkustundum. Voru 119 ökumenn stöðvaðir, eða um einn einstaklingar á klukkustund. Alls voru 73 teknir í öndunarpróf, eða 61% þeirra sem stöðvaðir voru og 19 í fíkniefnapróf (16% stöðvaðra). Í framhaldinu taldi lögreglan þörf á að senda átta í blóðprufu (sjá mynd 1 og töflu 1). Reyndist því grunur um átta ölvunarakstursbrot. Ekki þurfti að kyrrsetja neinn bíl vegna þess að ökumaður væri undir takmörkum.



Mynd 1. Fjöldi ökumanna sem stöðvaðir voru af lögreglunni á Akranesi, öndunar- og fíkniefnaprófa og blóðprufa í framhaldi af því.


Lögreglan á Akranesi ók alls 822 km. tengt eftirlitinu, sem beint var að tveimur til sex mismunandi löggæslusvæðum í hverju eftirliti. Heildarkostnaður vegna verkefnisins var 487.072 krónur og var 89% af kostnaðinum vinnuframlag lögreglumanna en akstur ökutækja lögreglunnar 11% af kostnaðinum.

Tafla 1. Fjöldi eftirlita lögreglunnar á Akranesi í mars og apríl 2008.

	Fjöldi löggæslusvæða	Fjöldi stöðvaðra	Fjöldi öndunarprófa	Fjöldi blóðprufa	Tímafjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglum.
18.3.2008	5	15	5	2	16	121	2
21.3.2008	5	22	20	1	16	129	2
23.3.2008	3	16	16	2	14	107	2
31.3.2008	4	6	0	0	12	85	2
3.4.2008	2	14	10	0	12	71	2
4.4.2008	4	19	14	0	20	133	2
7.4.2008	3	10	1	1	12	60	2
9.4.2008	6	17	7	2	16	116	2
Samtals	32	119	73	8	118	822	16

Lögregluembættið á Akureyri

Embætti lögreglustjórans á Akureyri varði 35 dögum í sérstakt ölvunareftirlit og alls 228,5 klukkustundum. Voru 2.817 ökumenn stöðvaðir, eða um 12 einstaklingar á klukkustund. Alls voru 743 teknir í öndunarpróf, eða 74% þeirra sem stöðvaðir voru og einn var látinn í fíkniefnapróf (0,03% stöðvaðra). Í framhaldinu af prófunum taldi lögreglan þörf á að senda fjóra í blóðprufu (sjá mynd 2 og töflu 2). Reyndist þannig grunur um fimm ölvunarakstursbrot. Þá voru fjórir bílar kyrrsettir því ökumaður var undir takmörkunum.



Mynd 2. Fjöldi ökumanna sem stöðvaðir voru af lögreglunni á Akureyri, öndunar- og fíkniefnaprófa og blóðprufa í framhaldi af því.

Lögreglan á Akureyri ók alls 1.018 km. tengt eftirlitinu, sem beint var að einu til fjögurra mismunandi löggæslusvæðum í hverju eftirliti. Heildarkostnaður vegna verkefnisins var 906.575 krónur og var 92% af kostnaðinum vinnuframlag lögreglumanna en akstur ökutækja lögreglunnar 8% af kostnaðinum.


Tafla 2. Fjöldi eftirlita lögreglunnar á Akureyri í mars og apríl 2008.

Dags.	Fjöldi löggæslusvæða	Fjöldi stöðvaðra	Fjöldi öndunarprófa	Fjöldi fíkniefnaprófa	Fjöldi blóðprufa	Tíma-fjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglum.
16.3.2008	2	99	76	0	0	8	7	2
18.3.2008	1	134	0	0	0	8	6	2
19.3.2008	1	60	15	0	0	8	2	2
19.3.2008	2	57	2	0	0	8	35	2
19.3.2008	1	45	0	0	0	8	5	1
21.3.2008	2	123	1	0	0	8	35	4
21.3.2008	1	25	0	0	0	8	7	2
21.3.2008	1	80	0	0	1	8	23	2
22.3.2008	2	240	0	0	0	8	20	4
24.3.2008	1	56	35	0	0	8	47	4
26.3.2008	1	23	2	0	0	4	28	1

28.3.2008	2	99	38	0	0	8	13	2
29.3.2008	1	24	0	0	0	8	15	2
2.4.2008	2	98	0	0	0	8	14	2
3.4.2008	3	91	0	0	0	8	50	4
4.4.2008	3	168	71	1	0	8	30	6
5.4.2008	1	62	1	0	0	8	30	2
5.4.2008	2	67	37	0	2	4	35	4
6.4.2008	2	45	42	0	0	4	60	4
10.4.2008	2	89	50	0	0	8	40	4
11.4.2008	2	146	0	0	0	8	95	4
11.4.2008	1	30	0	0	0	8	5	2
10.4.2008	1	63	0	0	0	4	6	2
11.4.2008	1	16	0	0	0	4	3	2
12.4.2008	1	18	0	0	0	2	1	2
12.4.2008	4	226	1	0	0	8,5	98	6
18.4.2008	1	56	50	0	1	3	20	2
19.4.2008	1	46	46	0	0	2	20	2
19.4.2008	1	23	20	0	0	3	7	2
20.4.2008	1	47	42	0	0	4	27	2
23.8.2008	1	43	0	0	0	3	48	1
23.4.2008	3	214	86	0	0	8	22	6
23.4.2008	2	20	0	0	0	6	6	3
24.4.2008	2	52	20	0	0	5	51	4
25.4.2008	3	132	108	0	0	12	107	4
Samtals	58	2.817	743	1	4	228,5	1.018	100

Lögregluembættið á Blönduósi

Embætti lögreglustjórans á Blönduósi varði 12 dögum í sérstakt ölvunareftirlit og alls 202 klukkustundum. Voru 208 ökumenn stöðvaðir, eða um einn einstaklingar á klukkustund. Alls var einn tekinn í öndunarpróf, eða 0,5% þeirra sem stöðvaðir voru og tveir í fíkniefnapróf (1% stöðvaðra). Í framhaldinu taldi lögreglan þörf á að senda alla þrjá í blóðprufu (sjá mynd 3 og töflu 3). Reyndist þannig grunur um þrjú ölvunarakstursbrot. Enginn ökumaður var látinn skilja eftir bíl sinn vegna áfengisneyslu undir mörkum.



Mynd 3. Fjöldi ökumanna sem stöðvaðir voru af lögreglunni á Blönduósi, öndunar- og fíkniefnaprófa og blóðprufa í framhaldi af því.


Lögreglan á Blönduósi ók alls 1.859 km. tengt eftirlitinu, sem beint var að einu til fjögurra mismunandi löggæslusvæða í hverju eftirliti. Heildarkostnaður vegna verkefnisins var 864.075 krónur og var 86% af kostnaðinum vinnuframlag lögreglumanna en akstur ökutækja lögreglunnar 14% af kostnaðinum.

Tafla 3. Fjöldi eftirlita lögreglunnar á Blönduósi í mars og apríl 2008.

Dags.	Fjöldi löggæslusvæða	Fjöldi stöðvaðra	Fjöldi öndunarprófa	Fjöldi fíkniefnaprófa	Fjöldi blóðprufa	Tíma-fjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglum.
19.3.2008	2	38	0	0	0	18	50	2
19.3.2008	2	14	0	0	0	14	100	2
20.3.2008	2	8	0	0	0	14	150	2
20.3.2008	1	18	0	0	0	22	40	2
22.3.2008	1	5	0	0	0	18	210	2
22.3.2008	2	23	0	0	0	20	205	2
5.4.2008	1	18	1	2	3	14	100	2
5.4.2008	1	12	0	0	0	14	180	2
12.4.2008	4	14	0	0	0	16	195	2
18.4.2008	2	18	0	0	0	18	289	2
25.4.2008	2	22	0	0	0	20	230	2
26.4.2008	1	18	0	0	0	14	110	2
Samtals	21	208	1	2	3	202	1.859	24

Lögregluembættið í Borgarnesi

Embætti lögreglustjórans í Borgarnesi varði 15 dögum í sérstakt ölvunareftirlit og alls 109 klukkustundum. Voru 258 ökumenn stöðvaðir, eða um tveir einstaklingar á klukkustund. Alls voru 80 teknir í öndunarpróf, eða 31% þeirra sem stöðvaðir voru og 18 í fíkniefnapróf (7% stöðvaðra). Í framhaldinu taldi lögreglan þörf á að senda ellefu í blóðprufu (sjá mynd 4 og töflu 4). Reyndist þannig grunur um ellefu ölvunarakstursbrot. Þá var einn kyrrsettur undir mörkum.



Mynd 4. Fjöldi ökumanna sem stöðvaðir voru af lögreglunni í Borgarnesi, öndunar- og fíkniefnaprófa og blóðprufa í framhaldi af því.


Lögreglan í Borgarnesi ók alls 2.357 km. tengt eftirlitinu, sem beint var að tveimur til fimm mismunandi löggæslusvæðum í hverju eftirliti. Heildarkostnaður vegna verkefnisins var 573.467 krónur og var 70% af kostnaðinum vinnuframlag lögreglumanna en akstur ökutækja lögreglunnar 30% af kostnaðinum.

Tafla 4. Fjöldi eftirlita lögreglunnar í Borgarnesi í mars og apríl 2008.

Dags.	Fjöldi löggæslusvæða	Fjöldi stöðvaðra	Fjöldi öndunarprófa	Fjöldi fíkniefna-prófa	Fjöldi blóðprufa	Tíma-fjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglum.
16.3.2008	3	45	25	1	2	11	260	2
19.3.2008	2	28	4	3	1	5	155	2
19.3.2008	5	5	0	3	2	7	145	2
20.3.2008	3	14	7	3	2	4	133	2
20.3.2008	3	15	4	4	0	12	258	2
21.3.2008	2	30	2	2	1	8	123	2
4.4.2008	3	15	11	0	0	6	171	2
5.4.2008	4	18	14	0	0	10	144	2
6.4.2008	3	9	8	1	0	4	95	2
10.4.2008	3	10	0	1	1	5	120	2
11.4.2008	2	8	0	0	0	5	160	2
19.4.2008	4	20	1	0	1	9	142	2
20.4.2008	4	17	1	0	1	6	115	2
24.4.2008	3	12	0	0	0	9	224	2
28.4.2008	3	12	3	0	0	8	112	2
Samtals	47	258	80	18	11	109	2.357	30

Lögregluembættið á Eskifirði

Embætti lögreglustjórans á Eskifirði varði 8 dögum í sérstakt ölvunareftirlit og alls 56 klukkustundum. Voru 952 ökumenn stöðvaðir, eða 17 einstaklingar á klukkustund. Alls voru 835 teknir í öndunarpróf, eða 88% þeirra sem stöðvaðir voru. Í framhaldinu taldi lögreglan þörf á að senda þrjá í blóðprufu (0,4% stöðvaðra) (sjá mynd 5 og töflu 5). Reyndist þannig grunur um þrjú ölvunarakstursbrot. Enginn var hins vegar kyrrsettur undir mörkum.



Mynd 5. Fjöldi ökumanna sem stöðvaðir voru af lögreglunni á Eskifirði, öndunar- og fíkniefna-prófa og blóðprufa í framhaldi af því.


Lögreglan á Eskifirði ók alls 470 km. tengt eftirlitinu, sem beint var að einu til fjórum mismunandi löggæslusvæðum í hverju eftirliti. Heildarkostnaður vegna verkefnisins var 236.506 krónur og var 87% af kostnaðinum vinnuframlag lögreglumanna en akstur ökutækja lögreglunnar 13% af kostnaðinum.

Tafla 5. Fjöldi eftirlita lögreglunnar á Eskifirði í mars og apríl 2008.

Dags.	Fjöldi löggæslusvæða	Fjöldi stöðvaðra	Fjöldi öndunarprófa ¹	Fjöldi blóðprufa	Tímafjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglum.
20.3.2008	1	98	49	1	6	43	2
21.3.2008	2	45	35	0	6	48	2
23.3.2008	3	108	94	0	8	70	2
28.3.2008	2	64	64	0	6	42	2
3.4.2008	4	126	92	1	8	71	2
11.4.2008	3	107	103	1	6	18	2
27.4.2008	4	223	221	0	8	101	2
28.4.2008	2	181	177	0	8	77	2
Samtals	21	952	835	3	56	470	16

Lögregluembættið á Húsavík

Embætti lögreglustjórans á Húsavík varði 10 dögum í sérstakt ölvunareftirlit og alls 107 klukkustundum. Voru 280 ökumenn stöðvaðir, eða um 3 einstaklingar á klukkustund. Alls voru 156 teknir í öndunarpróf (56% stöðvaðra) og 10 ökumenn í fíkniefnapróf (4% stöðvaðra). Þótti ástæða til að senda þrjú í blóðprufu í framhaldi af öndunarprófi (sjá mynd 6 og töflu 6). Reyndist þannig grunur um þrjú ölvunarakstursbrot. Alls voru sex bílar kyrrsettir þar sem ökumaður var undir mörkum.



Mynd 6. Fjöldi ökumanna sem stöðvaðir voru af lögreglunni á Húsavík, öndunar- og fíkniefnaprófa og blóðprufa í framhaldi af því.

¹ Hér undir falla tvö öndunarsýni.


Lögreglan á Húsavík ók alls 880 km. tengt eftirlitinu, sem var beint að tveimur til sjö mismunandi löggæslusvæða í hverju eftirliti. Heildarkostnaður vegna verkefnisins var 450.687 krónur og var 87% af kostnaðinum vinnuframlag lögreglumanna en akstur ökutækja lögreglunnar 13% af kostnaðinum.

Tafla 6. Fjöldi eftirlita lögreglunnar á Húsavík í mars og apríl 2008.

Dags.	Fjöldi löggæslusvæða	Fjöldi stöðvaðra	Fjöldi öndunar-prófa	Fjöldi fíkniefna-prófa	Tíma-fjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglum.
16.3.2008	3	14	10	1	8	12	2
20.3.2008	2	32	18	2	10	10	2
22.3.2008	4	55	20	2	12	240	4
23.3.2008	3	15	15	0	10	142	2
29-30.03.2008	2	18	12	1	10	8	2
4.-6.04.2008	2	21	15	0	10	28	2
13.4.2008	3	52	41	2	10	138	2
21.4.2008	4	15	5	1	5	146	1
25-26.04.2008	7	41	18	1	24	36	4
30.4.2008	2	17	2	0	8	120	1
Samtals	32	280	156	10	107	880	22

Lögregluembættið á höfuðborgarsvæðinu

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu varði 116 klukkustundum í sérstakt ölvunareftirlit á sjö vikum. Voru 1.679 ökumenn stöðvaðir, eða meira en 14 einstaklingar að meðaltali á klukkustund. Alls voru 1.360 teknir í öndunarpróf, eða 81% þeirra sem stöðvaðir voru. Í framhaldinu taldi lögreglan þörf á að senda þrjá í blóðprufu (sjá mynd 7 og töflu 7). Reyndist þannig grunur um 17 ölvunarakstursbrot. Alls voru 29 bílar kyrrsettir þar sem ökumenn voru undir mörkum.



Mynd 7. Fjöldi ökumanna sem stöðvaðir voru af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, öndunar- og fíkniefna-prófa og blóðprufa í framhaldi af því.


Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ók alls 3.586 km. tengt eftirlitinu, 1.419 km. á bifreiðum og 2.167 km. á bifhjólum. Beindist eftirlitið að 4-20 mismunandi löggæslusvæðum í hverju eftirliti. Heildarkostnaður vegna verkefnisins var 1.796.201 krónur og var .81% af kostnaðinum vinnuframlag lögreglumanna en akstur ökutækja lögreglunnar 19% af kostnaðinum.

Tafla 7. Fjöldi eftirlita lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í mars og apríl 2008.

Fjöldi vikna	Fjöldi löggæslusvæða	Fjöldi stöðvaðra	Fjöldi öndunar-prófa ²	Fjöldi blóðprufa	Tímafjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglum.
1	20	468	451	1	31	813	35
2	13	220	125	0	18	703	29
3	5	97	97	1	6	221	12
4	13	286	191	0	15	507	25
5	15	107	99	0	19,5	686	28
6	9	283	286	0	18	429	24
7	4	218	111	1	8,5	227	12
Samtals	79	1.679	1.360	3	116	3.586	165

Lögregluembættið á Sauðárkróki

Embætti lögreglustjórans á Sauðárkróki varði 7 dögum í sérstakt ölvunareftirlit og alls 24 klukkustundum. Voru 330 ökumenn stöðvaðir, eða um 14 einstaklingar að meðaltali á klukkustund. Alls voru 77 teknir í öndunarpróf, eða 23% þeirra sem stöðvaðir voru, og voru tveir sendir í blóðprufu í framhaldinu (sjá mynd 8 og töflu 8). Enginn var grunaður um ölvunarakstur og enginn var kyrrsettur.



Mynd 8. Fjöldi ökumanna sem stöðvaðir voru af lögreglunni á Sauðárkróki, öndunar- og fíkniefnaprófa og blóðprufa í framhaldi af því.

² Hér undir falla 18 öndunarsýni.


Lögreglan á Sauðárkróki ók alls 312 km. tengt eftirlitinu. Heildarkostnaður vegna verkefnisins var 108.701 króna og var 81% af kostnaðinum vinnuframlag lögreglumanna en akstur ökutækja lögreglunnar 19% af kostnaðinum.

Tafla 8. Fjöldi eftirlita lögreglunnar á Sauðárkróki í apríl og maí 2008.

	Fjöldi löggæslusvæða	Fjöldi stöðvaðra	Fjöldi öndunarprófa ³	Fjöldi blóðprufa	Tímafjöldi	Eknir km.	Fjöldi lögreglum.
	5	330	77	2	24	312	2
Samtals	5	330	77	2	24	312	2

Lögregluembættin Selfoss-Hvolsvöllur

Embætti lögreglustjórans á Selfossi og Hvolsvelli varði átta dögum í sérstakt ölvunareftirlit og alls 72,5 klukkustundum. Voru 172 ökumenn stöðvaðir, eða um tveir (2,4) einstaklingar að meðaltali á klukkustund. Alls voru 26 ökumenn teknir í öndunarpróf, eða 15% þeirra sem stöðvaðir voru en ekki þótti ástæða til að senda neinn í framhaldinu í blóðprufu (sjá mynd 9 og töflu 9). Reyndist þannig grunur um eitt ölvunarakstursbrot. Enginn var kyrrsettur undir mörkum.



Mynd 9. Fjöldi ökumanna sem stöðvaðir voru af lögreglunni á Selfossi eða Hvolsvelli, öndunar- og fíkniefnaprófa og blóðprufa í framhaldi af því.

